



## **BA í lögfræði**

Úrræði fyrir brotamenn sem glíma við  
geðrænar áskoranir

Samkvæmt lögum um fullnustu refsinga nr. 15/2016 og almennum  
hegningarlögum nr. 19/1940

**Mái, 2024**

**Nafn nemanda:** Aníta Ýr Strange

**Kennitala:** 081196-2819

**Leiðbeinandi:** Hulda María Stefánsdóttir

## Útdráttur

Í ritgerð þessari er fjallað um úrræði fyrir brotamenn sem glíma við geðrænar áskoranir. Leitast er við að svara þeirri spurningu hvort úrræði fyrir brotamenn sem glíma við geðrænar áskoranir séu í samræmi við lög og alþjóðasamninga. Fjallað er um stefnu í fullnustumálum á Íslandi og þær bornar saman við stefnu Norðurlandanna, svo sem Danmerkur. Betrunarstefnan á Íslandi er skoðuð og þau áhrif sem henni er ætlað að hafa á fullnustukerfið. Litið er til alþjóðasamninga sem hafa að geyma ákvæði um almenn mannréttindi og þá réttindi brotamanna, hvort sem þeir eru sakhæfir eða ósakhæfir samkvæmt almennum hegningarlögum. Fangelsin eru skoðuð og þau úrræði sem í boði eru fyrir þá sem sakhæfir eru og dæmdir til fangelsisrefsingar. Auk þess er vikið stuttlega að þeim úrræðum sem eru til staðar fyrir þá sem teljast ósakhæfir vegna andlegra annmarka en ekki sökum aldurs. Sakhæfishugtakið er skoðað og á hvaða forsendum einstaklingar eru dæmdir ósakhæfir og hverjir það eru sem meta og taka ákvörðun um geðrænt sakhæfi einstaklings. Litið er til þeirra úrræða brotamanna sem glíma við geðrænar áskoranir en eru þó sakhæfir samkvæmt 15. gr. almennra hegningarlaga. Að lokum er vikið að gagnrýni, (e. Optional Protocol on the Convention against Torture) en það er valfrjáls bókun við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum, annarri grimmilegri og ómannúðlegri meðferð á einstaklingum og hefur það hlutverk að hafa eftirlit með aðbúnaði hjá þeim sem frelsissviptir eru. Niðurstaða ritgerðarinnar er sú að margt megi betur fara er kemur að úrræðum brotamanna sem glíma við geðrænar áskoranir. Ljóst er að eins og staðan er eru skilyrði laga og alþjóðasamninga ekki uppfyllt. Það hefur þó orðið meiri vitundarvakning varðandi málefnið síðustu ár og er verið að taka skref í rétta átt.

## **Abstract**

This thesis explores the interventions for offenders in the criminal justice system grappling with mental health challenges and seeks to answer the question of whether these interventions align with laws and international agreements. It examines the policy landscape in Iceland, comparing it to Scandinavian countries such as Denmark. Iceland's rehabilitation policy is scrutinised, along with its intended impact on the criminal justice system. It takes into consideration the international agreements containing provisions on human rights, including the rights of offenders, whether competent or incompetent under general criminal laws. Prisons are examined along with the interventions available for competent offenders sentenced to incarceration, as well as a brief look at interventions for individuals deemed incompetent due to mental health issues rather than age-related reasons. Competency assessment is explored, including the criteria for determining incompetency and the individuals responsible for assessing and deciding on an individual's mental competency. The thesis also delves into the interventions available for offenders facing mental health challenges but deemed competent under Iceland's general criminal laws. Finally, it turns to criticism of the Optional Protocol on the Convention against Torture, a voluntary protocol to the United Nations Convention against Torture, addressing severe and inhumane treatment of individuals, and its role in monitoring facilities housing detainees. The conclusion drawn is that there is much room for improvement regarding interventions for offenders facing mental health challenges, and it is evident that the current state does not meet the requirements of laws and international agreements. However, there has been increased awareness of the issue in recent years, and steps are being taken in the right direction.

## Efnisyfirlit

Formáli .....	vii
1. Inngangur.....	1
2. Fullnusta refsinga .....	2
2.1 Forsaga fullnustu og refsilöggjafar.....	2
2.2 Stefna á sviði fullnustumála .....	4
2.3 Stefna á sviði fullnustumála í Danmörku .....	5
2.4 Betrun.....	5
3. Alþjóðasamningar sem hafa að geyma ákvæði um réttindi brotamanna .....	6
4. Sakhæfi.....	8
4.1 Mat á geðrænu sakhæfi .....	11
4.2 Ósakhæfi .....	13
4.3 Úrræði ósakhæfra .....	14
4.4 Réttargeðdeild .....	15
5. Fangelsi á Íslandi.....	15
5.1 Vinna og nám í fangelsum .....	16
5.2 Samfélagsþjónusta .....	17
5.3 Rafrænt eftirlit .....	20
5.4 Aðbúnaður í fangelsum.....	21
5.5 Heilbrigðis- og meðferðarþjónusta.....	22
5.6 Öryggisdeild.....	23
6. Úrræði sakhæfra brotamanna sem glíma við geðrænar áskoranir .....	24
6.1 Skilorðsbundin eða óskilorðsbundin refsing .....	26
7. OPCAT ( <i>e. Optional Protocol on the Convention against Torture</i> ).....	30
8. Niðurstaða .....	31
9. Lokaorð .....	33
Heimildaskrá.....	35

## **Skrár**

### **Alþingistíðindi**

Alþt. 1939-1940, A-deild, bls. 352 – 353.

Alþt. 1986-1987, A-deild, þskj. 762 – 62. mál.

Alþt. 1994-1995, A-deild, þskj. 389 – 297. mál, athugasemdir við 5. gr.

Alþt. 1998-1999, A-deild, þskj. 473 – 350. mál.

Alþt. 2004-2005, A-deild, þskj. 379 – 336. mál.

Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 527 – 420. mál.

Alþt. 2014-2015, A-deild, þskj. 1153 – 587. mál.

Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 399 – 322. mál, almennar athugasemdir I. kafli, mgr. 1-6.

Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 399 – 332. .

Alþt. 2023-2024, A-deild, þskj. 1326 – 887. mál.

Alþt. 2023-2024, A- deild, þskj. 232 – 229. mál.

Alþt. 2023-2024, þskj. 778 – 235. mál.

### **Alþjóðasamningar**

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna.

Mannréttinasáttmáli Evrópu.

Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um bann við pyndingum.

Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

### **Lagaskrá**

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

Lov om fuldbyrdelse af straf mv. nr. 1333/2019

Lög nr. 123/1997 um breytingu á fangelsislögum nr. 48/1988

Lög nr. 22/1999 um breytingar á fangelsislögum nr. 48/1988

### **Dómaskrá**

Hrd. nr. 62/1987

Hrd. nr. 87/1989

Hrd. nr. 519/1991

Hrd. nr. 22/1995

Hrd. nr. 164/1997

Hrd. nr. 45/2000

Hrd. nr. 198/2011

Hrd. nr. 201/2014

Hrd. nr. 594/2015

Hrd. nr. 441/2016

Lrd. nr. 105/2021

Héraðsdómur Reykjavíkur nr. S-2450/2002

Héraðsdómur Reykjavíkur nr. S-876/2010

Héraðsdómur Reykjavíkur nr. S-5896/2020

Héraðsdómur Norðurlands eystra S-257/2009

## Formáli

Eftirfarandi ritgerð er lokaverkefni til BA-gráðu í lögfræði við Háskólann í Reykjavík. Ritgerðin er skrifuð á sviði refsiréttar og viðfangsefni hennar er að skoða úrræði brotamanna sem glíma við geðrænar áskoranir með tilliti til laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga.

Áhugi höfundar á efninu kviknaði á öðru ári námsins í refsirétti sem Hulda María Stefánsdóttir kenndi. Hún er einnig leiðbeinandi minn við skrif á ritgerðinni og er ég henni mjög þakklát fyrir leiðsögnina og ábendingarnar við skrifin. Sérstökum þökkum vil ég einnig koma til Erlu Kristínar Árnadóttur fyrir að taka vel í spurningar frá mér og svara þeim af fremsta megni er vörðuðu fangelsismál ásamt Leifi Halldórssyni rannsóknarlögglumanni við ofbeldisbrotadeild. Að lokum vil ég að sjálfsögðu þakka manninum mínu og strákunum okkar þremur fyrir þá þolinmæði sem þeir hafa sýnt mér við skrifin, ömmu minni og afa fyrir alla þössonina og foreldrum mínu og vinkonum fyrir að hafa alltaf óbilandi trú á mér.





## 1. Inngangur

Refsing er aðferð þjóðfélagsins til að verjast réttarbrotum með það að markmiði að tryggja almannaoöryggi og halda lögbundnu samfélagi gangandi. Refsing eða viðurlög við saknæmri háttsemi eru fangelsi eða fésektir samkvæmt 31. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir hgl.). Fangelsisvist er einna mest íþyngjandi vegna þeirrar frelsissviptingar sem hún hefur í för með sér.

Frelsissvipting er undantekning á 67. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (hér eftir stjskr.) en þar segir að engan megi svipta frelsi nema samkvæmt heimildum í lögum og á hann þá rétt á að vita tafarlaust ástæðu þess. Það er því mikil skerðing á réttindum einstaklings að vera frelsissviptur og þurfa að sæta fangelsisvist um tíma. Kemur þá einnig fram í 69. gr. stjskr. að engum sé gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi. Aðstæður fanga koma reglulega til umræðu í samfélaginu. Óhætt er að segja að skoðanir manna á fangelsum, dómum og refsingum yfirhöfuð séu misjafnar. Margir eru þeirrar skoðunar að fangelsi eigi að vera refsivist en hefur þó orðið mikil vitundarvakning á betrunarstarfi fangelsa síðustu ár. Í ritgerðinni skoðar höfundur hvernig sakhæfi er metið og hver það er sem tekur ákvörðun um hvort sakhæfisskilyrði almennra hegningarlaga séu uppfyllt. *Hver eru úrræði fyrir brotamenn sem glíma við geðræn vandamál og standast þau lög um fullnustu refsinga?*

Það er hagur þjóðfélagsins að þeir sem brjóti af sér öðlist betrun í fangelsi. Þeir komi sem bættir einstaklingar út í samfélagið eftir fangelsisvist sína. Þannig megi koma í veg fyrir að einstaklingur brjóti af sér aftur. Það eru réttindi einstaklinga að geta leitað sér aðstoðar og þeir sem sæta afplánun fái viðeigandi heilbrigðisþjónustu eins og hver sá sem ekki er að afplána fangelsisdóm. Það á þá við hvort sem talað er um meðferðarúrræði við áfengis- eða vímuefnum, heilsugæslu og/eða sálfræði- og geðlæknaþjónustu. Þeir sem teljast þurfa innlög á geðdeild ættu að geta nýtt þá þjónustu hvort sem þeir eru fangar eða almennir borgarar.

Höfundur vonast til þess að geta frætt lesendur um réttarstöðu sakhæfra fanga sem glíma við geðrænar áskoranir ásamt því að skoða hvaða úrræði væru vænlegust til betrunar fyrir þá. Einnig vill höfundur rannsaka hvort sé tryggð sú réttarvernd sem lögin mæla fyrir um.

## 2. Fullnusta refsinga

Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016 (hér eftir fl.) tóku gildi þann 31. mars 2016 og féllu þá úr gildi eldri lög um fullnustu refsinga nr. 49/2005. Þegar frumvarp til laganna var gert var leitast við að skýra löggjöfina og gera hana skiljanlegri en eldri lögin voru. Markmið nýju laganna voru að fyrirbyggja ranga túlkun á lögnum og koma í veg fyrir óvissu er varðaði einstaka lagaákvæði.<sup>1</sup> Við gerð nýju laganna 15/2016 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra nefnd sem átti að endurskoða lögin frá 2005 í heild og móta tillögu að langtímaáætlun. Nefndin átti þá einnig að fjalla um skipulag fangelsanna, meðferðarúræði og heilbrigðisþjónustu. Þegar nefndin var að störfum var komist að þeirri niðurstöðu að þörf væri á miklum breytingum á þágildandi fullnustulögum. Það var gert með lögum 129/2011 um breytingu á fullnustulögum nr. 49/2005.<sup>2</sup> Markmið fullnustulaganna kemur fram í 1. gr. en þar segir:

Markmið laga þessara er að fullnusturefsingar fari fram með öruggum og skilvirkum hætti og að sérstök og almenn varnaðaráhrif refsinga séu virk. Markmið laga þessara er jafnframt að draga úr líkum á ítrekun brota og stuðla að farsælli betrun og aðlögun dómþola að samfélaginu.

Samhliða vinnu að frumvarpi fullnustulaganna var unnið að stefnumótun í fangelsismálum. Gerð var skýrsla um markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbyggingu í þeim málum en vikið verður að þeirri umfjöllun í kafla 1.2.

Dómþolar og afplánunarfangar eiga að njóta sömu mannréttinda og aðrir þegnar landsins þótt þeir geti ekki nýtt sér þau í sama mæli og þeir sem frjálsir eru. Sérstök réttindi fanga er að finna í umræddum lögum og eru það réttindi sem eingöngu koma til vegna fangavistar, svo sem heimild til símtala, réttur til að þiggja heimsóknir og fleira.<sup>3</sup>

### 2.1 Forsaga fullnustu og refsilöggjafar

Margt hefur breyst með tíð og tíma þegar kemur að afbrotum og refsingum. Það sem áður lá við þung refsing er nú refsilaust og það sem áður var refsilaust er nú orðið refsivert. Þau brot sem nú eru refsilaus en áður voru refsinaem eru til að nefna skírlífisbrot, hór og hneykslanleg

---

<sup>1</sup> Alþt. 2004-2005, A-deild, þskj. 379 – 336. mál.

<sup>2</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 399 – 322. mál, almennar athugasemdir I. kafla, mgr. 1-6.

<sup>3</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 399 – 332.

sambúð. Það sem áður var talið refsilaust en er nú refsivert er til að mynda brot gegn börnum og einstaklingum sem vanmáttugri eru sökum andlegs ástands eða vanþroska.<sup>4</sup>

Árið 1281 var lögbókin Jónsbók að mestu lögtekin hér á landi. Hún var skrifuð eftir heimildum úr Grágás sem geymdi hin fornu íslensku lög og féllu þá eldri lög úr gildi en kirkjulög héldu gildi ásamt þeim refsíákvæðum. Refsíákvæði Jónsbókar komu fram í mannhelgisbálki og þjófabálki. Refsilög á þeim tíma lutu einna helst að því að skapa ótta hjá brotamanni við refsingu og jafnvel útrýma brotamanni að fullu úr samfélaginu.<sup>5</sup>

Fangelsishús var talið óþarft allt fram að 18. öld þar sem aðeins tvennt var í stöðunni ef manneskja framdi refsiverðan verknað og hlaut fyrir það dóm. Hún var þá annaðhvort tekin af lífi eða sleppt að undanegnum líkamlegum refsingum.<sup>6</sup>

Þeir sem brutu af sér en voru ekki dæmdir til dauða voru gjarnan sendir með skipum til Danmerkur þar sem þeir áttu að afplána refsingu sína. Þetta þótti kostnaðarsamt og stakk danska stjórnin upp á því að stofnað yrði betrunarhús á Íslandi. Í kjölfarið var opnað betrunarhús við Arnarhól. Ólafur Stefánsson Stephensen var forstöðumaður þessarar stofnunar frá 1790-1803 og lagði hann upp úr þeirri stefnu sem við sjáum í samfélagi okkar enn þann dag í dag sem lýtur að betrun fanga. Hann taldi hagsýnt fyrir samfélagið að fylgja þessari stefnu þar sem vinna fanganna nýttist jafnt samfélaginu sem og þeim sjálfum auk þess sem ákveðinn sparnaður fólst í því að leyfa föngum að stunda vinnu. Stofnunin var svo lögð niður vegna erfiðleika við rekstur 1813 og stefnan um betrunarhús var afnumin í kjölfarið. Sú stefna er lýtur að hýðingum í stað hegningarvistar var þá tekin aftur upp.<sup>7</sup>

Fjallað var um geðsjúkdóma í Grágás og hvernig vernda skyldi þá sem glíma við þá og umhverfið fyrir því sem sjúkdómurinn getur haft í för með sér.<sup>8</sup> Lítið var þó um úrræði og var vanþekking og vanmætti mikið allt fram á 20. öld. Þeir sem glímdu við geðrænar áskoranir bjuggu gjarnan við auman kost og voru fordæmdir af samfélaginu. Það má segja að aðbúnaður þeirra sem veikir voru hafi verið talinn verri en ill meðferð á dýrum.<sup>9</sup>

---

<sup>4</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999) 36.

<sup>5</sup> Þórður Eyjólfsson, „Refsiréttur Jónsbókar“ í Guðbrandur Jónsson (ritstj.), *Afmælisrit helgað Einari Arnórssyni hæstaréttardómara sextugum 24. febrúar 1940* (Ísafoldarprentsmiðja 1940) 166.

<sup>6</sup> Björn Þórðarson, *Refsivist á Íslandi 1761-1925* (Gutenberg 1926) 1–3.

<sup>7</sup> Jónatan Þórmundsson, *Viðurlög við afbrotum* (Reykjavík: Orator 1992) 109–110.

<sup>8</sup> Gunnar Karlsson, Mörður Árnason og Kristján Sveinsson, *Grágás: lagasafn íslenska þjóðveldisins* (2. prentun, Mál og menning 1997).

<sup>9</sup> Lára Björnsdóttir, „Frá valdaleyfi til valdeflingar“ (2013) 7 Tímarit félagsráðgjafa 41.

Kleppspítalinn var stofnaður árið 1907 og markar hann fyrstu skrefin í þróun geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi. Á spítalanum voru þeir vistaðir sem töldust hættulegir sjálfum sér og öðrum og þar með þeir sem gjarnan gerðust brotlegir lögum.<sup>10</sup> Mikil bylting hefur orðið í geðheilbrigðismálum. Fjölmargir hafa sérmenntun á sviði geðheilbrigðismála og eru margar meðferðarleiðir og lyf sem aðstoða þá sem glíma við geðrænar áskoranir. Einnig hafa orðið miklar viðhorfsbreytingar í samfélaginu þegar kemur að geðrænum áskorunum. Með aukinni fræðslu og þekkingu almennings dregur úr fordómum og vanþekkingu á þessum sjúkdómum.<sup>11</sup> Nú til dags er reynt eftir fremsta megni að aðstoða þá sem glíma við geðrænar eða andlegar áskoranir. Ónæg fjárframlög og undirmönnun hefur þó staðið í vegi fyrir því að það sé með fullnægjandi hætti. Samþykkt hefur verið þingsályktunartillaga heilbrigðisráðherra um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til ársins 2030. Meginmarkmið stefnunnar er eftirfarandi:<sup>12</sup> Geðrækt, forvarnir og snemmtæk úrræði verði grundvöllur geðheilbrigðis einstaklinga.

Heildræn geðheilbrigðisþjónusta verði samþætt og byggð á bestu mögulegu gagnreyndu meðferð, hæfingu og endurhæfingu. Þjónustan verði veitt af hæfu starfsfólki á viðeigandi þjónustustigum í árangursríku samstarfi við þjónustuveitendur í velferðarþjónustu. Notendasamráð og notendamiðuð þjónusta verði á öllum stigum geðheilbrigðisþjónustu. Nýsköpun, vísindi og þróun leiði til betri geðheilbrigðisþjónustu og bætts aðgengis.

## 2.2 Stefna á sviði fullnustumála

Í athugasemdum með frumvarpi til almennra hegningarlaga sem samþykkt hefur verið er hugtakið refsing skilgreint. Þar segir að refsing sé aðferð þjóðfélagsins til að verjast réttarbrotum með það að markmiði að tryggja almannaöryggi og halda lögbundnu samfélagi gangandi. Auk þess fullnægir refsing réttlætistilfinningu almennings.<sup>13</sup> Fullnustukerfinu á Íslandi er ábótavant og er það ekki rekið með þeirri skilvirkni né þeim árangri sem lög gera ráð fyrir. Engin heildarstefna hefur verið mótuð á sviði fullnustu hér á landi. Markmið laganna er

---

<sup>10</sup> Óttar Guðmundsson, *Kleppur í 100 ár* (JPV 2007).

<sup>11</sup> Lára Björnsdóttir (n. 9).

<sup>12</sup> „Athugasemdir Landspítala við frumvarp að lögum um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar og við Stefnu um öryggisþjónustu“ <<https://samradapi.island.is/api/Documents/80ab1bfb-a71c-ed11-9bb3-005056bce7e>> skoðað 24. apríl 2024.

<sup>13</sup> Alþt. 1939-1940, A-deild, bls. 352-353.

þó að fullnusta fari fram með öruggum og skilvirkum hætti og að sérstök og almenn varnaðaráhrif refsinga séu virk. Markmið laganna er jafnframt að draga úr líkum á ítrekun brota og stuðla að farsælli betrun. Með tilkomu nýju laganna um fullnustu refsinga var leitast við að innleiða betrunarstefnuna þar sem lítið var lagt upp úr betrun í eldri lögnum.<sup>14</sup>

### 2.3 Stefna á sviði fullnustumála í Danmörku

Heildstæð lög um fullnustu refsinga er í gildi í Danmörku og nefnast þau *lov om fuldbyrdelse af straf mv.* nr. 1333/2019. Samkvæmt reglum þessara laga gilda lögin um fullnustu fangelsisdóma, sektir, skilorðsbundna dóma, samfélagsþjónustu og ferðabann. Markmið laganna er að fullnusta refsinga sé sem vænlegust og öruggust fyrir dómþola með þær væntingar að draga úr endurkomutíðni í fangelsin. Hægt er að lesa úr lögnum að markmið þeirra sé betrun og ber Fangelsismálastofnun þar skylda til þess að setja áætlun fyrir alla sem hlotið hafa dóm og skal áætlunin vera í samráði við dómþola. Í áætluninni skal koma fram hvaða markmiðum skuli náð og þær nauðsynlegu breytingar sem þurfa að verða í lífi dómþola. Þessar áætlanir skal endurskoða reglulega og bera saman við aðstæður dómþolans. Með þessu axlar dómþoli ábyrgð og hefur ákveðna stjórn á því sem hann gerir meðan á afplánun stendur og eftir að henni lýkur.<sup>15</sup>

### 2.4 Betrun

Í íslenskri orðabók merkir betrun að gera eitthvað betra eða að verða betri.<sup>16</sup> Hér á landi er lögð áhersla á betrun fanga við afplánun í fangelsum. Með því er lagt upp úr að viðkomandi vinni í sjálfum sér og sínum málum með aðstoð fagaðila á meðan á afplánun stendur og komi sem betri einstaklingur út í samfélagið aftur.<sup>17</sup> Stefnan snýr að því að gerð sé einstaklingsmiðuð áætlun frá upphafi afplánunar auk þess sem gerð er áætlun um viðeigandi úrræði og meðferðir í samráði við fangann. Í 24. gr. fl. kemur fram að Fangelsismálastofnun skuli í samstarfi við fanga gera meðferðaráætlun fyrir þá sé það talið nauðsynlegt að mati sérfræðinga

---

<sup>14</sup> Alþt. 2023-2024, A-deild, þskj. 1326 – 887. mál.

<sup>15</sup> „Elektronisk fodlænke“ (*Kriminalforsorgen*) <<https://kriminalforsorgen.dk/straf/fodlaenke/>> skoðað 24. apríl 2024.

<sup>16</sup> „Íslensk nútímamálsorðabók“ <<https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/5405>> skoðað 23. apríl 2024.

<sup>17</sup> Birna Stefánsdóttir, „Betrunarstefna eða refsingarvist? Í íslenskum lögum er hvergi minnst á betrun“ [2016] *Stúdentablaðið* <<https://studentabladid.is/efni/2016/3/12/betrunarstefna-eda-refsingarvist>>.

Fangelsismálastofnunar. Áætlunina skal gera eins fljótt og kostur er eftir að afplánun hefst og endurskoðuð eftir atvikum á meðan á afplánun stendur. Markmiðið er þar með að byggja einstaklinginn upp svo hann snúi aftur í samfélagið sem bættur einstaklingur og hæfur til þess að takast á við daglegt líf að afplánun lokinni. Gjarnan hefur verið gangrýnt að fangelsi á Íslandi séu líkari geymslustað. Einstaklingar fá enga stefnumótun né sé þeim sett nein markmið meðan þeir afplána sinn dóm. Þegar einstaklingur hefur lokið afplánun er engin eftirfylgni eða aðstoð við að koma honum aftur inn í samfélagið og hvatning til þess að snúa við blaðinu er lítil. Hluti af betrunarstefnunni snýr að því að aðstoða fanga eftir því sem við á, t.d. með sálfræðiþjónustu, félagsráðgjöf og fjármálaráðgjöf<sup>18</sup>

Betrunarstefnan hefur verið mikið rannsökuð og hafa þær rannsóknir sýnt fram á góð áhrif á fanga auk þess sem stefnan hefur skilað góðum árangri er varðar endurkomutíðni.<sup>19</sup>

Betrunarstefnan er því hagkvæm fyrir samfélagið þar sem hún sýnir fram á lægri endurkomutíðni í fangelsi.<sup>20</sup>

### **3. Alþjóðasamningar sem hafa að geyma ákvæði um réttindi brotamanna**

Réttindi manna er ekki aðeins að finna í íslenskum lögum heldur einnig í fjölda alþjóðlegra mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að.<sup>21</sup>

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt var árið 1948 er grundvöllur allra alþjóðlegra mannréttindasáttmála. Í yfirlýsingunni kemur fram að allir eigi jafnt tilkall til mannréttinda án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna. Þar kemur einnig fram í 5. gr. að enginn skuli sæta grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Allir skulu jafnir fyrir lögum og eiga rétt á jafnri vernd án nokkurrar mismununar. Í 10. gr. yfirlýsingarinnar er tekið fram að allir skuli jafnir fyrir dómstólum og njóta réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar fyrir óháðum og óhlutdrægum dómi. Hver sá sem borinn er sökum skal saklaus uns sekt er sönnuð og óheimilt er að telja hann sekan af athöfn eða athafnaleysi sem refsilaust

---

<sup>18</sup> Guðmundur Ingi Þóroddsson, „Um afbrot, fanga og fangelsismál“ (2016) 1 44 28.

<sup>19</sup> Helgi Gunnlaugsson, „Criminal justice in a small Nordic country: The case of Iceland“ (2021) 108 (1) Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab 27.

<sup>20</sup> Guðmundur Ingi Þóroddsson (n. 18).

<sup>21</sup> Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi – Bóksalan* (2. útg., Bókaútgáfan Codex 2019) 549.

var að landsrétti eða þjóðarétti þegar athöfn eða athafnaleysið átti sér stað. Engan má dæma þyngri refsingu en lög leyfa.<sup>22</sup>

Mannréttindasáttmáli Evrópu (hér eftir MSE) var svo gerður í kjölfar Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og er alþjóðasamningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Sáttmálinn var undirritaður á ráðherrafundi Evrópuráðsins í Róm árið 1950 og fullgiltur árið 1953. Hann var lögfestur hér á landi í heild sinni með lögum nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Sáttmálinn skyldar aðildarríki líkt og yfirlýsingin að tryggja öllum einstaklingum á þeirra yfirráðasvæði þau réttindi og frelsi sem skilgreind eru í sáttmálanum.<sup>23</sup> Ákvæði 1. gr. MSE kveður á um skyldu ríkis til þess að tryggja hverjum þeim sem á yfirráðasvæði þeirra dvelst þau réttindi og frelsi sem í sáttmálanum eru tilgreind. Réttur manna til frelisis og mannhelgi er að finna í 5. gr. MSE en þar má sjá ýtarlegar reglur um skilyrði frelissviptingar sem taldar eru upp í a- f lið 1. mgr. sömu greinar. Í 2.- 5. mgr. 5. gr. má sjá ákvæði um réttarstöðu frelissviptra manna svo sem að fá vitneskju án tafar um ástæðu handtökunnar og þær sakir sem á hann eru bornar svo eitthvað sé nefnt. Ákvæðið svipar til 67. gr. stjksr. en gengur ákvæði stjórnarskrárinnar þó skemur en 5. gr. MSE.<sup>24</sup> Einstaklingar, samtök og önnur aðildarríki geta kært aðildarríki fyrir brot á samningnum til Mannréttindadómstóls Evrópu að undangenginni málsmeðferð innanlands.<sup>25</sup> Úrlausn Mannréttindadómstóls Evrópu er aftur á móti ekki bindandi fyrir íslenskum rétti en ber ríkinu þó að hlíta endanlegum dómi dómstólsins í þeim málum sem Ísland er aðili að, sbr. 46. gr. MSE.<sup>26</sup>

Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi (hér eftir SBSR) var fullgiltur á Íslandi árið 1979. Þar er áhersla lögð á að refsikerfi eigi að fela í sér meðferð sem stuðli að betrun dómþolans. Fangelsun eigi ekki að vera bundin við refsingu heldur eigi nálgunin að vera á þá leið að fangar öðlist þekkingu og færni sem nýst getur til að betrumbæta líf sitt.<sup>27</sup>

---

<sup>22</sup> Universal Declaration of Human Rights (samþykktur 10. desember 1948 UNGA Res 217 A(III))

<sup>23</sup> Stjórnarráð Íslands, „Mannréttindasáttmáli Evrópu“ (*Stjórnarráð Íslands*) <<https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/mannrettindi/althjodlegir-mannrettindasamningar/mannrettindasattmali-evropu/>> skoðað 23. apríl 2024.

<sup>24</sup> Alþt. 1994-1995, A-deild, þskj. 389 - 297. mál, athugasemdir við 5. gr.

<sup>25</sup> Stjórnarráð Íslands (n. 23).

<sup>26</sup> Björg Thorarensen (n. 21).

<sup>27</sup> sama heimild.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um bann við pyndingum (hér eftir PSS) öðlaðist gildi á Íslandi í nóvember árið 1996. Samningurinn var gerður til þess að fylgja eftir bannreglu 7. gr. SBSR er varðar pyndingar. Aðildarríkjum ber að gera virkar ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnábyrgð og réttarvörslu til þess að koma í veg fyrir pyndingar. En í 1. mgr. 1. gr. segir:

„Í samningi þessum merkir hugtakið „pyndingar“ hvern þann verknað sem manni er vísitandi valdið alvarlegum líkamlegum eða andlegum sársauka eða þjáningu með því skyni t.d. að fá hjá honum eða þriðja manni upplýsingar eða játningu, refsá honum fyrir verk sem hann eða þriðji maður hefur framið eða er grunaður um að hafa framið, eða til að hræða eða neyða hann eða þriðja mann, eða af ástæðum sem byggjast á mismunun af einhverju tagi, þegar þeim sársauka eða þjáningu er valdið af eða fyrir frumkvæði eða með samþykki eða umliðun opinbers starfsmanns eða annars manns sem er handhafi opinbers valds. Hugtakið tekur ekki til sársauka eða þjáningar sem rekja má að öllu leyti til eða tilheyrir eða leiðir af lögmætum viðurlögum.“

Aðildarríkin skulu koma á fót kerfisbundnu eftirliti með yfirheyrslureglum, fyrirmælum, aðferðum, starfsvenjum og fyrirkomulagi við gæslu og meðferð þeirra sem sæta handtöku, gæsluvarðhaldi eða fangelsum, sbr. 11. gr. PSS.

#### 4. Sakhæfi

Þegar manneskja framkvæmir verknað sem telst til refsiverðrar háttsemi skal sækja hana til saka. Þegar sækja á hana til saka fyrir háttsemina þarf að liggja fyrir sakhæfi hennar. Sakhæfi er huglægt refsiskilyrði. Það varðar huglæga afstöðu gerandans til verknaðarins. Sakhæfisskilyrðin eru tvö konar. Annars vegar geðrænt sakhæfi og hins vegar hæfisskilyrði um aldur.<sup>28</sup> Manneskja telst sakhæf uppfylli hún skilyrði aldurs skv. 14. gr. hgl. Þar segir að einstaklingur þurfi að ná 15 ára aldri til þess að hægt sé að sækja hann til saka fyrir refsiverðan verknað. Við mat á geðrænu sakhæfi er litið til 15. gr. hgl. en þar kemur fram að einstaklingur geti ekki verið sóttur til saka sé hann andlega vanþroskaður, glími við geðveiki, hrörnun, rænuleysi eða annað samsvarandi ástand og hafi af þeim sökum verið alls ófær um að stjórna gjörðum sínum á verknaðarstundu. Sams konar úrræði og sakhæfisskortur eins og fram kemur í 15. gr. hgl. getur einnig átt við það geðræna ástand sem lýst er í 16. gr. sömu laga.<sup>29</sup> Fram kemur í 16. gr. hgl. að ef einstaklingur sem framið hefur refsivert brot er svo andlega miður sín vegna vanþroska, hrörnunar, kynferðislegs misþroska eða annarrar truflunar en þó ekki á eins

---

<sup>28</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiaþbyrgð III* (1. útg., Háskólaútgáfan 2004) 84.

<sup>29</sup> sama heimild.



háu stigi og lýst er í 15. gr. sömu laga skuli honum refsað fyrir brotið ef ætla má eftir atvikum að refsing geti borið árangur. Að öðru leyti geta slíkar aðstæður eins og getið er á um í 16. gr. hgl. leitt til refsilækkunar, sbr. 75. gr. hgl. Þar segir að hafi maður framið brot í ákafri geðshræringu, vegna skammvinnis ójafnvægis á geðsmunum eða svo er ástatt að öðru leyti að verknaðurinn verður ekki talinn líkt því eins refsiverður og venjulegt er um sams konar brot, má færa refsingu niður og jafnvel ef brot varðar ekki þýngri refsingu en fangelsi allt að einu ári, láta hana niður falla. Hafi sá sem verkið vann sjálfur komið sér í umrætt ástand með neyslu áfengis koma framangreind ákvæði því aðeins til greina að málsbætur séu fyrir hendi og fremjandinn hafi ekki áður gerst sekur um brot gegn 1. eða 2. mgr. 123. gr. hgl. Getur 16. gr. hgl. þó leitt til sakhæfisskorts ef læknisumsagna hefur verið leitað og niðurstaða sú að refsing sem fangelsisvist muni ekki bera árangur.

Að lokum ber að líta til ákvæðis 17. gr. hgl. þar sem greinir á um að refsingu skuli beita þótt brot sé framið í öläði eða undir áhrifum nautnalyfja, s.s. áfengis eða annarra fíkniefna. Hafi verið um að ræða fullkomið rænuleysi skuli þó ekki refsa nema sakborningur hafi vitað eða haft fullkomna ástæðu til að ætla að hann myndi fremja brot á meðan hann væri undir áhrifum eða það myndi leiða af ástandi hans. Felur eftirfarandi ákvæði því ekki í sér eiginlegt sakhæfisskilyrði þó að það tengist 15. og 16. gr. sömu laga. Í 4. tl. 74. gr. hgl. kemur fram að þegar maður hefur framið brot í mikilli reiði eða geðæsingu, sem s, er fyrir brotinu verður, hefur vakið hjá honum með ólögumætri árás eða stórfelldri móðgun, er heimilt að færa refsingu niður úr lágmarki því sem annars hefði verið. Það getur þó að ströngum skilyrðum uppfylltum leitt til sýknu.<sup>30</sup>

Í dómi Hæstaréttar 18. maí 2000 í máli nr. 45/2000 var maður ákærður fyrir manndráp og þjófnað. Hann hafði farið að heimili brotþola og banað honum með hnífi ásamt því að ræna af honum skartgripum sem hann fann á heimili mannsins. Litið var til 17. gr. hgl. en var hann talinn sakhæfur og var ástand hans ekki talið hafa áhrif á ákvörðun refsingar þótt hann hefði verið undir áhrifum fíkniefna. Hann hlaut 16 ára fangelsisdóm.

Einnig er hægt að líta til dóms Landsréttar 5. nóvember 2021 í máli nr. 105/2021 þar sem maður var sakfelldur fyrir tilraun til manndráps samkvæmt 211. gr., sbr. 20. gr. hgl. Hann hafði þá veist að konu með hníf og gert ítrekaðar tilraunir til þess að stinga hana í efri hluta líkama og höfuð en hún náði að verjast árásinni með því að bera fyrir sig hendur og fætur en hlaut þó margvíslega áverka. Í dómi var vísað til geðrannsóknar og var ljóst að maðurinn hafði

---

<sup>30</sup> sama heimild 96.

verið í tímabundnu geðrofi vegna fíkniefnaneyslu á verknaðarstundu. Þótti þó ákvæði 16. og 17. gr. hgl. ekki standa í vegi fyrir að honum yrði dæmd refsing.

Þrjú skilyrði þurfa að vera til staðar svo maður sé dæmdur ósakhæfur og þar með sýknaður af refsikröfu á grundvelli 15. eða 16. gr. hgl. Eins og fram kemur í ákvæðinu þarf andlegur vanþroski eða andleg vanheilsa að vera á háu stigi svo það falli undir framangreind ákvæði. Einnig þarf andlegur vanþroski eða vanheilsa að vera til staðar á verknaðarstundu, auk þess sem orsakatengsl þurfa að vera á milli andlegrar vanheilsu og verknaðarins.<sup>31</sup>

Samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 8. mars 2011 í máli nr. S-876/2010 réðst sonur á foreldra sína með skrufjárninu með þeim afleiðingum að þeir hlutu alvarlega áverka. Í málinu kom fram að sonurinn hefði ekki haft fulla andlega heilsu og á verknaðarstundu hefði hann verið ófær um að stjórna gjörðum sínum og var því sýknaður á grundvelli sakhæfisskorts, sbr. 15. gr. hgl. en fallist var á varakröfu ákærvaldsins um að ákærði sætti öryggisgæslu samkvæmt 62. gr. laga nr. 19/1940.

Sé sakborningur ósakhæfur skal hann sýknaður á grundvelli almennra hegningarlaga. Sönnunarbyrði er varðar sekt sakbornings hvílir á ákærvaldinu, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ekki er skylt í öllum tilfellum að framkvæma könnun á geðrænu sakhæfi einstaklinga í hverju máli fyrir sig heldur einungis ef málgögn gefa til kynna að vafi leiki á um sakhæfi. Ef vafi er á sakhæfi viðkomandi skal það lagt í hendur dómara að meta og eru þá sérfróðir aðilar fengnir til þess.<sup>32</sup> Úrskurð dómara þarf til að framkvæmd sé geðrannsókn til þess að leiða í ljós mat á sakhæfi einstaklings. Aðeins ein undantekning er á þeirri reglu og er það í þeim tilfellum þegar ótvírætt samþykki sakbornings liggur fyrir. Nú til dags er þó lögð meiri áhersla á að geðrannsókn fari fram ef læknisvottorð eða önnur gögn gefa til kynna vafa um andlegt ástand viðkomandi.<sup>33</sup> Dómari getur við slíkar aðstæður þar sem gerandi er ekki talinn sakhæfur á verknaðarstundu gripið til annarra úrræða eins og öryggisgæslu, vistunar á geðdeild og réttindasviptingar svo eitthvað sé nefnt.<sup>34</sup> Heimild til eftirfarandi úrræða kemur fram í 62. og 63. gr. hgl. en vikið verður að umfjöllun þeirra ákvæða síðar í kaflanum.

Í dómi Hæstaréttar 18. júní 2014 í máli nr. 201/2014 reyndi á það hvort gerandi sem haldinn er andlegum annmarka sé alls ófær um að stjórna gjörðum sínum á verknaðarstundu. Ungur drengur skar unga stúlku á háls með þeim afleiðingum að hún hlaut alvarlega áverka.

---

<sup>31</sup> sama heimild.

<sup>32</sup> Jónatan Þórmundsson, „Sakhæfi“ [1991] 4. tbl. 277, 290.

<sup>33</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiaþbyrgð III* (n. 28) 85.

<sup>34</sup> Eiríkur Tómasson, *Sakamálaréttarfar: rannsókn: þvingunarráðstafanir* (2. útgáfa, Codex 2022) 237.

Hann hafði verið vistaður á barna- og unglingageðdeild Landspítalans fyrir atvikið vegna hegðunarvanda. Geðlæknir og sálfræðingur voru sammála um að ákærði glímdi við djúpstæðan og langvarandi geðrænan vanda og var því álitamál hvort hann teldist sakhæfur af þeim forsendum. Það lá fyrir að ákærði hafði skipulagt brot sitt. Hann hafði hugsað þetta í langan tíma, reynt að útvega sér vopn, útbjó grímu og falda hnífinn sem hann notaði. Hann sagði einnig við yfirheyrslu að hann hefði séð stúlkurnar í fjörunni og tvístígandi með það hvort hann ætti að framkvæma verknaðinn en hafi svo látið til leiðast og lýsti iðrun eftir atburðinn. Af þessu leiðir að ákærði er fær um að greina rétt frá röngu og er því ekki „alls ófær“ um að stjórna gjörðum sínum og er því ekki óskahæfur skv. 15. gr. hgl.

#### 4.1 Mat á geðrænu sakhæfi

Eins og framfar er rakið er það sá dómari sem fer með málið sem leggur mat á sakhæfi. Sérfróðir aðilar koma þó að mati og leggja þeir niðurstöðu sína fyrir dómara sem úrskurðar þar með um sakhæfi. Úrskurður dómara þarf að liggja fyrir svo mat á geðrænu sakhæfi sé framkvæmt og er það ákærvaldið sem fer fram á slíka geðrannsókn. Fyrir slíkum úrskurði þarf að liggja rökstuddur grunur á því að viðkomandi sé ósakhæfur. Úrskurður þess að sæta geðrannsókn er kæránlegur til Hæstaréttar, sbr. h-lið 1. mgr. 192. gr. sml. Í 2. mgr. 78. gr. sml. er tekið fram að geðrannsókn skv. 77. gr. sml. skuli ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggji ótvírætt samþykki þess sem í hlut á. Hér ber að líta til þess að ákvæðið er að finna í VI. kafla sml. sem fjallar um leit og líkamsrannsóknir. Þær ráðstafanir sem mælt er fyrir í kaflanum fela nær alltaf í sér einhvers konar skerðingu á persónufrelsi einstaklinga sem njóta verndar 71. gr. stjkskr. og 8. gr. MSE og því áskilið að samþykki eða dómsúrskurð þurfi til.<sup>35</sup> Einungis er framkvæmd geðrannsókn ef viðkomandi hefur framið brot er varðar fangelsisrefsingu óháð því hvort hún sé dæmd.

Sönnunarfærsla er varðar sakhæfi er ekki frábrugðin annarri sönnunarfærslu þegar kemur að sakamálu. Aðilar máls bera ábyrgð á því að sýna fram á raunveruleg atvik og atburðarás og færa sönnun fyrir þeim málatilbúnaði eða staðhæfingum sem þeir byggja á.<sup>36</sup>

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur nr. S-5896/2020 var maður ákærður fyrir kynferðisbrot og tilraun til nauðgunar. Hann taldi sig ósakhæfan á verknaðarstundu og fenginn var dómkvaddur matsmaður til að meta geð- og heilbrigðisástand hans á verknaðarstundu.

---

<sup>35</sup> sama heimild.

<sup>36</sup> Eiríkur Tómasson, „Sönnun og sönnunarbyrði. Fyrri hluti“ (1987) 40 (3) 247.

Niðurstaðan var sú að sakborningur var talinn sakhæfur á verknaðarstundu og því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem ákæran sneri að.

Aftur á móti í dómi Hæstaréttar 22. nóvember 1989 í máli nr. 87/1989 var maður ákærður fyrir tilraun til manndraps, samkvæmt 211. gr., sbr. 20 gr. hgl. Hann var hins vegar talinn ósakhæfur á grundvelli 15. gr. hgl. eftir geðrannsókn sérfræðilækna og dæmdur til þess að sæta vistun á viðeigandi hæli, sbr. 62. gr. hgl.

Ef litið er til nágrannalanda eins og Danmerkur má sjá að sakhæfi er metið á sams konar máta og hér á landi. Sakhæfi kemur fram í 15. gr. hegningarlaga sem þar gilda og segir að ekki skuli refsá þeim sem var óábyrgur gjörða sinna eða „utilregnelig“. Það hugtak er heldur rýmra en það sem fram kemur í íslenskum lögum. Þar segir „alls ófær á þeim tíma, er þeir unnu verkið, að stjórna gerðum sínum“. Danskir dómstólar líta svo á að ef manneskja með geðröskun hefur hingað til getað lifað hefðbundnu líferni, án þess að starfsmöguleikar hennar hafi skerst vegna þeirra veikinda sem hún glímir við, er hún sakhæf og þar með dæmd refsing. Litið er svo á að ef áður tilgreint skilyrði er uppfyllt um hefðbundið líferni einstaklings er erfitt að tilgreina orsakasamband milli andlegra annmarka hans og þess refsiverða verknaðar sem hann framdi.<sup>37</sup> Í Svíþjóð er geðrænt sakhæfi ekki lengur refsiskilyrði. Þar er byggt á lögfræðilegum mælikvarða sem byggist á lækni- og sálfræðilegri könnun og áhrifum tiltekinna andlegra annmarka á gjörðir sakbornings. Þetta er áþekkt því sem fram kemur í 15. gr. íslenskra hegningarlaga en meira virðist þurfa til svo sakborningur teljist ósakhæfur skv. íslenskum rétti. Samkvæmt sænskum rétti er ekki sýknað þó svo engum viðurlögum verði við komið vegna þeirra geðrænu áskorana sem sakborningur glímir við. Heimilt er að gera sakborning fésekt teljist ástandið ekki alvarlegt þótt fangelsi komi ekki til álita.<sup>38</sup> Í norskum hegningarlögum er lækni- og sálfræðilegur mælikvarði lagður til grundvallar ákvörðun dómstóla um sakhæfi. Samkvæmt ákvæði 44. gr. laganna er alfarið byggt á tilvist ákveðinna andlegra annmarka en ekki áhrifum þeirra á gjörðir sakbornings. Þá staðreynir geðlæknir eða annar sérfræðingur geðhag sakbornings. Ef niðurstaða þeirra liggur fyrir að um geðveiki, rænuleysi eða verulegan andlegan vanþroska sé að ræða þarf ekki frekari sannanir eða vísbendingar um slíkt. Dómarar eiga að ganga út frá sérfræðiáliti geðlækna og eru orsakatengsl milli vanheilsu og verknaðar

---

<sup>37</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð III* (n. 28) 101–102.

<sup>38</sup> sama heimild.

ekki skoðuð neitt frekar. Dómstólar eru þar, ólíkt því sem þekkist hér á landi, bundnir niðurstöðu sérfræðinga, s.s. lækna.<sup>39</sup>

Dómstólar hér á landi eru ekki bundnir af mati geðlækna þegar kemur að mati á sakhæfi, sbr. 2. mgr. 133. gr. sml. líkt og má sjá í dómi Hæstaréttar 13. október 2011 í máli nr. 198/2011. Í málinu var maður ákærður fyrir að hafa veist að manni og banað honum á heimili sínu. Hann hafði þá stungið hann margsinnis í brjóst, bak, háls, hendur og andlit. Ákærði játaði sakargiftir fyrir dómi en deilt um hvort hann hefði verið sakhæfur á verknaðarstundu. Dómkvaddir voru þrír geðlæknar sem allir lögðu mat á andleg veikindi hans og komust að þeirri niðurstöðu að ákærði hefði verið haldinn geðveiki á verknaðarstundu og því ósakhæfur í skilningi 15. gr. hgl. Geðlæknar töldu hann hafa verið alls ófæran um að stjórna gerðum sínum umrætt kvöld og fangelsisrefsing væri ólíkleg til þess að bera árangur. Ákærði hafði þó sjálfur sagt fyrir dómi að hann hefði gert sér grein fyrir því sem hann var að gera og vissi að það væri rangt. Dómarar horfðu einnig til þess að ákærði hefði skipulagt verknaðinn í þaula. Hann hafði aflað sér þess sem til þurfti og hafði ástæðu fyrir verknaðnum. Ákærði sagðist ástfanginn af konu brotaþola og hann hefði ákveðið að ráða honum bana þar sem hann vildi að hún yrði sín. Héraðsdómur Reykjaness hafði komist að þeirri niðurstöðu að ákærði skyldi sæta öryggisgæslu á víðeigandi stofnun en Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar. Eins og framfar er rakið komst Hæstiréttur að annarri niðurstöðu og var hann metinn sakhæfur á verknaðarstundu og gert að sæta fangelsi í 16 ár.

## 4.2 Ósakhæfi

Ósakhæfi er hugtak sem notað er yfir þá sem fremja refsiverðan verknað en geta ekki stjórnað gjörðum sínum sem leiðir til þess að refsing í fangelsi er ólíkleg til þess að bera árangur. Ósakhæfi er því andstæðan við sakhæfi. Dómari með aðstoð sérfróðra aðila metur hvort sakborningur sé haldinn slíkum andlegum annmörkum að hann hafi ekki á þeim tíma sem verknaður var framinn haft tök á að stjórna gjörðum sínum. Sérfróðir aðilar í slíkum tilvikum eru gjarnan sérfræðingar á sviði geðheilbrigðis, svo sem geðlæknar. Dómari er ekki bundinn af þeirri niðurstöðu sem sérfróðu aðilarnir komast að, sbr. 2. mgr. 133. gr. laga um meðferð sakamála, eins og framfar er rakið. Sé sakborningur dæmdur ósakhæfur skal hann sakfelldur fyrir þann refsiverða verknað sem hann framdi en skal sýkna hann af refsikröfunni og skal þá

---

<sup>39</sup> sama heimild 102–103.

horft til úrræða sem fram koma í 62.gr. hgl.<sup>40</sup> Í þeim tilvikum sem framur er rakið er óheimilt að fresta ákæru skilorðsbundið skv. 56. gr. sömu laga.

### 4.3 Úrræði ósakhæfra

Sá sem framið hefur refsiverðan verknað og hefur verið metinn ósakhæfur fyrir dómi er líklegur til vistunar á viðeigandi stofnun, sbr. 62. gr. hgl. En þar segir:

„Nú er maður sýknaður samkvæmt 15. gr., eða niðurstaða dóms verður sú, samkvæmt ákvæðum 16. gr., að refsing sé árangurslaus, og má þá ákveða í dómi, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að gerðar skuli ráðstafanir til að varna því, að háski verði að mannum. Ef ætla má, að vægari ráðstafanir, svo sem trygging, bann við dvöl á ákveðnum stöðu, eða svipting lögræðis, komi ekki að notum, má ákveða, að honum sé komið fyrir á viðeigandi hæli. Skal þá hæstiréttur skipa honum tilsjónarmann, sem eftirlit hefur með því, að dvöl hans á hælínu verði ekki lengri en nauðsyn ber til. Þegar ástæða þykir til, getur [ráðherra] leitað úrlausnar héraðsdóms, þar sem hælið er, hvort téðar ráðstafanir skuli teljast lengur nauðsynlegar, enda hafi umsagnar læknis verið leitað. Svo getur og tilsjónarmaður krafist þess, þegar ár er liðið frá dómsuppsögn eða síðasta dómsúrskurði, eða fyrir, ef [ráðherra] samþykkir, að málið skuli að nýju lagt undir úrskurð dómstóls þess, sem áður segir. [Mál samkvæmt þessari grein sæta meðferð eftir lögum um meðferð sakamála.]

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur nr. S-2450/2002 var komist að þeirri niðurstöðu að vegna veikinda sakbornings og alvarleika háttseminnar skyldi hann dæmdur til þess að sæta öryggisgæslu skv. 62. gr. hgl. í þágu réttaröryggis. Í málinu réðst móðir á börnin sín og stakk 11 ára dóttur sína í brjóstkassann með þeim afleiðingum að hún lést. Sonur hennar þá 14 ára hlaut einnig stunguáverka í bringu og bak en komst undan og hljóp eftir aðstoð. Gerð var geðrannsókn á ákærðu og lá fyrir að hún hafði verið haldin vaxandi aðsóknarhugmyndum og hún hefði um tíma haft mjög brenglað raunveruleikamat.

Fangelsismálastofnun ákveður hvar vista skuli fanga skv. 14. gr. fl. Heimild er í 22. gr. sömu laga, að undangengnu sérfræðiáliti, að vista fanga um stundarsakir eða allan refsitímamann á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun. Sá tími sem fangi dvelur á slíkri stofnun telst með þegar reiknaður er út refsitími dómsins.

---

<sup>40</sup> Jónatan Þórmundsson, „Sakhæfi“ (n. 32) 277.

#### 4.4 Réttargeðdeild

Eins og framfar er rakið er heilmild skv. 62. gr. hgl. að dæma ósakhæfa einstaklinga til þess að sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun í þágu réttaröryggis. Slík stofnun hér á landi er réttargeðdeild Landspítalans en hún er staðsett á Kleppsspítala. Hlutverk réttargeðdeildar er að sinna ýtrustu öryggisgæslu sem felur í sér meðferð og endurhæfingu þeirra sem dæmdir eru ósakhæfir fyrir dómi vegna alvarlegra geðrænna áskorana og eru þar með hættulegir sjálfum sér og samfélaginu. Við innlögn á réttargeðdeild er talin þörf á meðferð við þeim geðrænu áskoronum sem einstaklingur glímur við til þess að eiga möguleika á bata.<sup>41</sup>

### 5. Fangelsi á Íslandi

Á Íslandi eru fjögur fangelsi. Tvö þeirra eru lokuð og tvö opin. Lokuð fangelsi eru svokölluð öryggisfangelsi og eru girðingar sem afmarka útivistarsvæði fanga. Klefar eru læstir að næturlagi og heimsóknir fara fram í sérstökum heimsóknarherbergjum. Opin fangelsi eru án allra girðinga og er þar með ekki afmarkað útivistarsvæði fanga. Herbergin eru ólæst og heimsóknir fara fram í herbergjum fanga.<sup>42</sup>

Litla-Hraun er lokað fangelsi staðsett á Eyrarbakka. Það var stofnað þann 8. mars 1929 og rúmar 87 karlfanga.<sup>43</sup> Hólmsheiði er annað lokað fangelsi en það var tekið í notkun þann 10. júní 2016. Fangelsið er gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi með deild fyrir kvenfanga ásamt því að vera með aðstöðu fyrir afplánun styttri dóma og vararefsinga. Á Hólmsheiði er pláss fyrir 52 fanga á almennri deild og fjögur pláss á gæsluvarðhaldsdeild og einangrun. Þar starfa um 30 fangaverðir og þar af tveir varðstjórar, verkstjóri, fangaflutningsmenn og fulltrúi á skrifstofu.<sup>44</sup>

Kvíabryggja er opið fangelsi og hefur það verið starftækt frá árinu 1963. Fangelsið rúmar 23 fanga og er staðsett í Grundarfirði. Á Kvíabryggju starfa átta starfsmenn,

---

<sup>41</sup> „Athugasemdir Landspítala við frumvarp að lögum um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar og við Stefnu um öryggisþjónustu“ (n. 12).

<sup>42</sup> Alþt. 2014-2015, A-deild, þskj. 1153 – 587. mál.

<sup>43</sup> Fangelsismálastofnun ríkisins, „Fangelsið Litla-Hrauni“ (*Fangelsismálastofnun*) <<https://www.fangelsi.is/fangelsin/litla-hraun/>> skoðað 20. apríl 2024.

<sup>44</sup> Fangelsismálastofnun ríkisins, „Fangelsið Hólmsheiði“ (*Fangelsismálastofnun*) <<https://www.fangelsi.is/fangelsin/holmsheiði/>> skoðað 20. apríl 2024.

forstöðumaður, skrifstofumaður og sex fangaverðir.<sup>45</sup> Sogn er annað opið fangelsi og var það tekið í notkun 2012. Það er staðsett í Ölfusi, rétt fyrir utan Hveragerði. Á Sogni er pláss fyrir 22 fanga og starfa þar níu starfsmenn, varðstjóri og átta fangaverðir.<sup>46</sup>

Vernd er úrræði sem tekur við föngum að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum: að þeir hafi að minnsta kostir afplánað þriðjung dómsins, hafi ekki brotið af sér á síðustu sex mánuðum, hafi aldrei strokið úr afplánun, séu ekki með mál sem er til meðferðar, hafi ekki á síðastliðnum tveimur árum verið vikið af áfangaheimilinu, teljast hæfir til dvalarinnar, drekki ekki áfengi og neyti ekki fíkniefna. Á Vernd er fangi svo til frjáls á daginn en þarf að vera inni á áfangaheimilinu frá 23:00 á kvöldin og til 07:00 á morgnana sem og á milli 18:00-19:00 seinnipart dags. Fangi þarf að fara eftir öllum reglum áfangaheimilisins og þarf einnig að stunda nám, skóla, starfsþjálfun eða meðferð sem Verndi samþykkir.<sup>47</sup>

Föngum sem glíma við geðrænar áskoranir er heimilt að óska eftir afplánun hluta dóms síns á Vernd eins og öðrum. Þeir sem teljast þó ósakhæfir fyrir dómi afplána dóm sinn ekki í fangelsi en vikið verður að umfjöllun um úrræði ósakhæfra fanga síðar.<sup>48</sup>

## 5.1 Vinna og nám í fangelsum

Mælt er fyrir um nám og vinnu í 25. og 26. gr. fl. en fanga er rétt og skylt, eftir því sem aðstæður leyfa, að stunda vinnu eða aðra viðurkennda starfsemi í fangelsi. Í fangelsum á Íslandi er föngum boðið upp á fjarnám á framhaldsskóla- og háskólastigi undir handleiðslu námsráðgjafa. Störf eru einnig í boði fyrir fanga í öllum fangelsum þótt framboðið sé misjafnt. Föngum býðst til að mynd starf við hugmyndavinnu, hönnun og framleiðslu vara fyrir verslun þeirra Fangaverk. Þá eru störf við ýmsar samsetningar og þökkun, útvinnu á lóð, viðhaldsvinna, þrif og afgreiðsla í verslun í boði svo eitthvað sé nefnt.<sup>49</sup>

Þeim sem kjósa að stunda nám í afplánun sinni stendur það til boða og er námið kennt í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSU). Kennarar koma frá FSU á Litla-Hraun og kenna þar. Þeir sem óska eftir að stunda fjarnám frá öðrum skólum gefst kostur á að mæta í

---

<sup>45</sup> Fangelsismálastofnun ríkisins, „Fangelsið Kvíabryggju“ (*Fangelsismálastofnun*) <<https://www.fangelsi.is/fangelsin/kviabryggja/>> skoðað 20. apríl 2024.

<sup>46</sup> Fangelsismálastofnun ríkisins, „Fangelsið Sogni“ (*Fangelsismálastofnun*) <<https://www.fangelsi.is/fangelsin/sogn/>> skoðað 23. apríl 2024.

<sup>47</sup> Fangelsismálastofnun ríkisins, „Áfangaheimilið Vernd“ (*Fangelsismálastofnun*) <<https://www.fangelsi.is/afplanun/vernd/>> skoðað 15. apríl 2024.

<sup>48</sup> Leifur Halldórsson, „Fangelsismál“ (28. mars 2024).

<sup>49</sup> Fangelsismálastofnun ríkisins, „Fangelsið Hólmsheiði“ (n. 50).



þessa tíma og fá aðstoð kennara. Þeir sem óska eftir vinnu þegar þeir koma inn í fangelsið geta þurft að bíða örlítið eftir úthlutun á starfi. Í vissum tilvikum þarf að færa til og breyta svo hægt sé að koma öllum sem vilja til starfa.<sup>50</sup>

Það að bjóða föngum upp á vinnu og nám á meðan á afplánun stendur er partur af þeirri betrunarstefnu sem Ísland nálgast sífellt meira. Það er ákveðin hvatning að mæta til vinnu eða stunda nám og undirbýr fanga fyrir komuna út í samfélagið að lokinni afplánun eins og rakið var í umfjöllun um betrunarstefnuna í kafla 1.4.<sup>51</sup>

## 5.2 Samfélagsþjónusta

Samfélagsþjónusta er tímabundið ólaunað starf sem einstaklingur sem framið hefur minni háttar brot getur sóst eftir í stað þess að afplána dóm sinn í fangelsi mæli almannahagsmunir ekki gegn því, sbr. 37. gr. laga um fullnustu refsinga. Samfélagsþjónusta kom sem ályktun frá Evrópuráðinu árið 1976 um önnur afplánunarúrræði en fangelsisvistun. Í þeirri ályktun voru aðildarríki beðin um að kanna möguleika á samfélagsþjónustu í stað fangelsisdóms í þeim tilfellum sem við átti. Talið var að úrræðið hefði jákvæðari áhrif á dómþola og var samfélagsþjónusta tekin upp í lög víðs vegar um Evrópu. Danmörk tók upp samfélagsþjónustu í tilraunaskyni árið 1982 með góðum árangri og var því lögfest þar árið 1992. Í kjölfarið sigldu Norðmenn og var samfélagsþjónusta lögfest þar árið 1991. Svíþjóð hóf tilraun sína á úrræðinu árið 1990 og lögfesti úrræðið 1993.<sup>52</sup> Á Ísland var skipuð nefnd árið 1987 sem átti að kanna hvort ólaunuð samfélagsþjónusta gæti komið í stað afplánunar í fangelsi við ákveðnar aðstæður. Niðurstaða nefndarinnar var jákvæð og frumvarp til laga nr. 55/1994 um samfélagsþjónustu gerð í kjölfarið í tilraunaskyni og átti að standa til ársins 1997.<sup>53</sup> Samfélagsþjónusta var svo lögfest sem úrræði til fullnustu óskilorðsbundinna dóma með lögum nr. 123/1997 um breytingu á fangelsislögum nr. 48/1988. Framkvæmd hennar hefur ekki tekið miklum breytingum frá þessu en með lögum 22/1999 um breytingar á fangelsislögum nr. 48/1988 var heimilt að fullnusta vararefsingu fésekta með samfélagsþjónustu.<sup>54</sup> Heimild til samfélagsþjónustu hefur

---

<sup>50</sup> Gylfi Þorkelsson, „Menntun fanga | Gangleri – Gylfi Þorkelsson“ <<https://www.gangleri.is/menntun-fanga/>> skoðað 25. apríl 2024.

<sup>51</sup> Birna Stefánsdóttir (n. 17).

<sup>52</sup> Guðmundur Þór Guðmundsson, „Samfélagsþjónusta á Íslandi“ [1996] Tímarit lögfræðinga. 110–111.

<sup>53</sup> Alþt. 1986-1987, A-deild, þskj. 762 – 62. mál.

<sup>54</sup> Alþt. 1998-1999, A-deild, þskj. 473 – 350. mál.

aukist enn frekar og hefur refsiviðmið verið þyngt þar sem úrræðið hefur reynst vel. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þáverandi dómsmálaráðherra, lagði áherslu á samfélagsþjónustu til styttingar á boðunarlista í fangelsin. Hún nefnir m.a. að sá sem afpláni í samfélagsþjónustu sé ólíklegri til þess að koma til baka og líklegri til að aðlagast samfélaginu með einhverjum hætti auk þess sem kostnaður fyrir ríkið sé talsvert lægri þegar viðkomandi afplánar dóm sinn í samfélagsþjónustu en ekki í fangelsi.<sup>55</sup>

Nokkur skilyrði þurfa þó að vera uppfyllt til þess að hægt sé að afplána dóm með samfélagsþjónustu í stað fangelsisvistar. Þeir sem fá óskilorðsbundinn dóm í allt að 12 mánuði eiga rétt á að afplána dóm sinn með samfélagsþjónustu ef þeir uppfylla öll þau skilyrði sem fram koma í 38. gr. sömu laga sem eru eftirfarandi:

- Sem dæmi má dómþoli ekki afplána refsidóm sinn í samfélagsþjónustu ef hann á til meðferðar opið mál hjá lögreglu
- Ef almannahagsmunir mæla gegn því
- Dómþoli þarf að óska eftir því eigi síðar en viku áður en afplánun í fangelsi ætti að hefjast
- Einnig þarf einstaklingurinn að teljast hæfur til samfélagslegra starfa og má ekki vera í afplánun nú þegar

Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. 37. gr. kemur fram í IV. gr. í ákvæðum til bráðabirgða fl. að heimilt sé að fullnusta refsingu með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 960 klukkustundir, í þeim tilvikum er maður hefur verið dæmdur í allt að 24 mánaða óskilorðsbundið fangelsi og almannahagsmunir mæla ekki gegn því.

Fangelsismálastofnun tekur ákvörðun þess efnis hvort fangelsisrefsing sé afplánun í samfélagsþjónustu eða fangelsisvist. Fulltrúar á vegum Fangelsismálastofnunar hafa eftirlit með samfélagsþjónum og heimsækja vinnustaði reglulega.<sup>56</sup> Eins og með afplánun á Vernd eru skilyrði sem þarf að uppfylla á meðan á samfélagsþjónustu stendur, skv. 40. gr. fullnustulaga, en þau skilyrði eru eftirfarandi:

- Dómþoli má ekki hljóta kæru fyrir refsiverðan verknað á þeim tíma sem samfélagsþjónusta er innt af hendi

---

<sup>55</sup> Nína Hjördís Þorkeldsdóttir, „Áhersla á samfélagsþjónustu til styttingar boðunarlista“ *RÚV* (30. júní 2020) <<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2020-06-30-ahersla-a-samfelagsthjonustu-til-styttingar-bodunarlista/>>.

<sup>56</sup> Fangelsismálastofnun ríkisins, „Samfélagsþjónusta“ (*Fangelsismálastofnun*) <<https://www.fangelsi.is/samfelagsthjonusta/>> skoðað 23. apríl 2024.

- Dómsþoli þarf einnig að sæta umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún ákveður þegar samfélagsþjónustan er innt af hendi

Einnig má ákveða að á meðan samfélagsþjónustunni stendur skuli dómsþoli hlíta fyrirætlum umsjónaraðila um dvalarstað, nám, vinnu, umgengni við aðra menn og iðkun tómstundastarfa. Ásamt framangreindum skilyrðum má ákveða að dómsþoli neyti ekki áfengis eða annarra vímuefna á meðan á samfélagsþjónustu stendur, sbr. 2. mgr. 40. gr. fullnustulaga. Ef framangreind skilyrði eru ekki virt sem gilda á meðan samfélagsþjónustu stendur, þarf viðkomandi að klára afplánun sína í fangelsi, sbr. 41. gr. fullnustulaga. Ef ekki er um alvarleg brot á reglum að ræða er veitt áminning. Ef afplánun er ákveðin í fangelsi skal reikna tímalengd eftirstöðva út með hliðsjón af samfélagsþjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi.<sup>57</sup>

Frumvarp um breytingu á hgl. hefur verið lagt fram þar sem áhersla er á samfélagsþjónustu ungra brotamanna. En þar kemur fram tillaga að nýrri grein, 57. gr. b. hgl.:

„Þegar aðili er ungmenni á aldrinum 15–21 árs er heimilt að ákveða í dómi að setja sérstakt skilyrði um samfélagsþjónustu fyrir frestun fullnustu refsingar skv. 57. gr. Í dómi skal tiltaka tímafjölda og á hve löngum tíma samfélagsþjónustan skuli innt af hendi. Tímafjöldi samfélagsþjónustu skal minnst vera 40 klukkustundir og mest 480 klukkustundir.“

Markmið frumvarpsins og þeirra breytinga sem lagt er upp með er svo hægt sé að veita ungum brotamönnum meira aðhald og koma þannig í veg fyrir að þeir leiðist á braut frekari afbrota. Sömu skilyrði liggja þó fyrir að öðru leyti svo ungur brotamaður geti afplánað með samfélagsþjónustu eins og hver annar sem um það sækir.<sup>58</sup>

Ef litið er á kosti samfélagsþjónustu sem fullnustuúrræðis má segja að sá kostur sé mannúðlegri að því leyti að hann þarf ekki að hafa mikil áhrif á líf dómsþola. Hann getur haldið sambandi sínu við fjölskyldu og vini og stundað nám svo eitthvað sé nefnt. Það skal þó hafa í huga að sá sem afplánar dóm sinn í samfélagsþjónustu getur haldið áfram venskap og umgengni við vafasama félagi sem stunda afbrot eins og hann sjálfur. Með samfélagsþjónustu tekur dómsþoli út refsingu sína á jákvæðan hátt þar sem hægt er að líta á vinnuna sem bætur til samfélagsins. Störfín sem innt eru af hendi eru gjarnan aðstoðar- eða hjálparstörf sem hafa þýðingu fyrir þjóðfélagið og telst þar með innihaldsmeiri refsing en refsivist. Dómsþoli heldur tengslum við aðra þjóðfélagsþegna og er jafnsettur öðrum. Það eitt getur haft góð áhrif á

<sup>57</sup> sama heimild.

<sup>58</sup> Alþt. 2023-2024, A- deild, þskj. 232 – 229. mál.

sjálfsímynd hans. Einn helsti kostur þessa úrræðis er að með því má fækka föngum og spara þannig í refsifullnustukerfinu.<sup>59</sup> Nú eru um 238 karlar og 24 konur á boðunarlista eftir afplánun í fangelsi.<sup>60</sup>

Geta fangar sem glíma við geðrænar áskoranir afplánað dóm með samfélagsþjónustu? Erfitt var að leita svara við þessari spurningu þar sem einungis liggja fyrir þau skilyrði sem fram koma í fullnustulögum. Höfundur leitaði til starfandi rannsóknarlögreglumanns eftir svörum við spurningunni. Hann svaraði því til að brotamenn sem glíma við geðrænar áskoranir en teljast sakhæfir fyrir dómi séu vistaðir innan um aðra fanga og hafi því sömu réttindi og þeir. Þar með geti þeir óskað eftir að afplána dóm sinn með samfélagsþjónustu að þeim skilyrðum uppfylltum er koma fram í fullnustulögum.<sup>61</sup> Spurningunni var einnig varpað til Erlu Kristínar, lögfræðings og staðgengils fangelsismálastjóra. Hún sagði að það væru skýr skilyrði í fullnustulögum fyrir afplánun með samfélagsþjónustu. Fangelsismálastofnun fer vel yfir hverja umsókn og metur hvort viðkomandi uppfylli skilyrðin. Þannig þurfa menn m.a. að teljast hæfir til að nýta sér úrræðin, skv. 38. gr. fullnustulaga. Þarna þarf að fara fram mat á því hvort menn teljist hæfir og þarf að horfa til ýmissa þátta í því sambandi. Það er ekki hægt að synja manni um þessi úrræði af þeirri ástæðu að þeir eigi við geðrænan vanda að stríða. Ef vandinn er þess eðlis að viðkomandi er ekki fær um að nýta sér þau á þeim tíma getur það leitt til þess að þeim sé synjað um það.

### 5.3 Rafrænt eftirlit

Fangelsismálastofnun er heimilt að leyfa fanga að afplána refsingu utan fangelsis þegar dæmd refsing er a.m.k. 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi með því skilyrði að hann skuli hafa á sér búnað svo unnt sé að fylgjast með ferðum hans, sbr. 32. gr. fl. Í 2. mgr. 32. gr. fl. kemur fram að ef refsing er dæmd 12 mánuðir óskilorðsbundið getur afplánun undir rafrænu eftirliti verið 60 dagar. Eftirlit lengist um fimm daga fyrir hvern dæmdan mánuð en getur mest orðið 360 dagar. Skilyrði þess að rafrænt eftirlit komi til greina:

1. Að fangi teljist hæfur til að sæta rafrænu eftirliti.
2. Að fangi hafi fastan dvalarstað sem samþykktur hefur verið af Fangelsismálastofnun.

---

<sup>59</sup> Ragnheiður Bragadóttir, „Samfélagsþjónusta“ (1991) 44 (2) Úlfjótur 161.

<sup>60</sup> Alþt. 2023-2024. Þskj. 778 – 235. mál.

<sup>61</sup> Leifur Halldórsson (n. 48).

3. Að maki fanga, forsjáraðili, nánasti aðstandandi eða húsráðandi samþykki að hann sé undir rafrænu eftirliti á sameiginlegum dvalarstað þeirra.
4. Að fangi stundi vinnu eða nám, sé í starfsþjálfun eða meðferð eða sinni öðrum verkefnum sem Fangelsismálastofnun hefur samþykkt og eru liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný.
5. Að fangi hafi áður nýtt sér úrræði skv. 1. mgr. 31. gr. með fullnægjandi hætti eða verið metinn hæfur til að nýta úrræði skv. 1. mgr. 31. gr. en ekki getað það af ástæðum sem eru ekki af hans völdum. Fangi sem hefur af þessum ástæðum ekki getað nýtt sér úrræðið skal hafa verið agabrotalaus þann tíma sem hann hefði ella nýtt það.
6. Að fangi hafi ekki rofið skilyrði rafræns eftirlits á síðastliðnum þremur árum.
7. Að fangi eigi að jafnaði ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum þar sem hann er grunaður um refsiverðan verknað, enda sé málið rekið með eðlilegum hætti og dráttur því ekki af völdum fangans.

Í rafrænu eftirliti eru fangar með búnað um ökkla sem gerir það að verkum að hægt er að fylgjast með ferðum þeirra. Þeim sem er undir rafrænu eftirlit er heimilt að stunda nám eða vinnu sem samþykkt hefur verið af Fangelsismálastofnun sem liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný.<sup>62</sup> Eins og framar hefur verið rakið hafði höfundur samband við Erlu Kristínu staðgengil fangelsismálastjóra til þess að leita svara við því hvort brotamaður sem glímir við geðrænar áskoranir geti afplánað refsingu sína með þessum hætti. Hún svarar því á sama hátt og með afplánun með samfélagsþjónustu. Þá segir hún skilyrðin skýr í fullnustulögum og að hver umsókn sé skoðuð og það metið hvort einstaklingur uppfylli slík eftirfarandi skilyrði. Hún segir einnig að ekki sé hægt að synja einstaklingi um þetta á þeim forsendum að hann glími við geðrænar áskoranir en það geti þó leitt til þess að hann uppfylli ekki skilyrðin.<sup>63</sup>

#### 5.4 Aðbúnaður í fangelsum

Fangelsismálastofnun tekur ákvörðun um vistunarstað fanga, sbr. 21. gr. fl. Heilbrigðisyfirvöldum er skylt að veita öllum landsmönnum þá heilbrigðisþjónustu sem þeir þurfa á að halda. Fangar eru þar engin undantekning og er Fangelsismálastofnun í samstarfi við heilbrigðisyfirvöld skylt að tryggja sakhæfum föngum sem glíma við geðrænar áskoranir þá geðheilbrigðisþjónustu líkt og öðrum utan veggja fangelsis.

---

<sup>62</sup> Fangelsismálastofnun ríkisins, „Rafrænt eftirlit (ökklaband)“ (*Fangelsismálastofnun*) <<https://www.fangelsi.is/afplanun/rafraent-efirlit/>> skoðað 25. apríl 2024.

<sup>63</sup> Erla Kristín Árnadóttir, „Samfélagsþjónusta og rafrænt eftirlit“ (20. mars 2024).

Ýmsu er þó ábótavant þegar kemur að fangelsum á Íslandi. Ríkisendurskoðun gaf út skýrslu til Alþingis þar sem fangelsismál voru skoðuð. Í niðurstöðu skýrslunnar kemur fram að margvíslegir þættir í starfsemi Fangelsismálastofnunar valdi því að fullnustukerfið sé ekki rekið með þeirri skilvirkni sem lög gera ráð fyrir. Er þar einnig tekið fram að ástæða þess sé meðal annars stefnuleysi á sviði fullnustumála sem dómsmálaráðuneytið hefur ekki þegar mótað. Einna helst er það skortur á fjárframlagi sem veldur því að safnast hefur upp viðhaldsvinna í byggingum stofnunarinnar og fangelsin oft undirmönnuð.<sup>64</sup>

Viðhaldi hefur verið ábótavant við byggingar á Litla-Hrauni. Þegar litið er á byggingarsögu þess hefur það aldrei einkennst af heildar- eða framtíðarsýn og er stærsta bygging fangelsisins nánast ónýtt. Liggur nú fyrir að byggja á nýtt fangelsi og er áætlað að það verði tilbúið fyrir árslok 2028. Í skýrslunni kom einnig fram að undirmönnun væri mikil og öryggisbúnaði ábótavant.<sup>65</sup>

## 5.5 Heilbrigðis- og meðferðarþjónusta

Heilbrigðis- og meðferðarþarfir eru miklar í fangelsum og til þess að stuðla að betrun eins og áður hefur komið fram og draga þar með úr endurkomutíðni. Það hefur þó ekki gengið sem skyldi að sinna heilbrigðis- og meðferðarstarfi eins og lög gera ráð fyrir. Sér í lagi hefur skort á veitingu þjónustu á bráðageðdeild Landspítala og helstu ástæður þess má rekja til skorts á heilbrigðisstarfsfólki, samskiptaleyfi og aðstöðuleysi. Stofnað var geðheilbrigðisteymi fanga árið 2019 sem sinnir almennri geðheilbrigðisþjónustu, svo sem greiningu og meðferð geðraskana, fíknivanda og ADHD. Í teyminu starfa geðlæknar, klínískir sálfræðingar, geðhjúkrunarfræðingar og hjúkrunarfræðingar. Þjónustan fer fram innan fangelsanna, með símaviðtölum eða í fjarfundarbúnaði. Teymið getur einnig gripið til annarra úrræða eins og að vísa föngum á aðra geðheilbrigðisþjónustu eins og innlögn á geðdeild ef þörf krefur.<sup>66</sup> Mannekla háir þó þeirri starfsemi og þar með er starf teymisins ekki eins og lagt var upp með.<sup>67</sup>

---

<sup>64</sup> Ríkisendurskoðun, „Fangelsismálastofnun: Aðbúnaður - endurhæfing - árangur: Stjónsýsluúttekt“ (Ríkisendurskoðun nóvember 2023) <<https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2023-Fangelsimalastofnun.pdf>> skoðað 20. apríl 2024.

<sup>65</sup> sama heimild.

<sup>66</sup> Heilsugæsla, „Geðheilsuteymi fangelsa“ <<https://www.heilsugaeslan.is/gedheilsa/gedheilsuteymi-fangelsa/#Tab6>> skoðað 20. mars 2024.

<sup>67</sup> Ríkisendurskoðun (n. 64).

## 5.6 Öryggisdeild

Öryggisdeild er sú deild sem fangar eru vistaðir á sem ítrekað hafa framið agabrot, eru taldir stefna öryggi fangelsisins í hættu eða geta ekki verið vistaðir innan um aðra fanga sökum hegðunar sinnar. Þetta úrræði felur í sér aukna takmörkun á friðhelgi einkalífs. Þeim sem þar eru vistaðir er óheimilt að hafa samneyti við aðra fanga. Vistun á öryggisdeild er ákveðin af forstöðumanni sem skrifar um það ítarlega rökstudda skýrslu og bókar hana. Aðeins er heimilt að vista fanga á öryggisdeild í þrjá mánuði í senn.<sup>68</sup>

Nefnd Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (hér eftir CPT-nefndin) gerir úttektir á aðbúnaði fangelsa í samræmi við ákvæði samnings um varnir gegn pyndingum sem Ísland er aðili að. CPT- nefndin heimsótti Ísland í maí 2019 og gerði úttekt á fangelsum landsins. Hún skilaði skýrslu um þær úrbætur sem ráðast þyrfti í til þess að fangelsin stæðust ákvæði samningsins.<sup>69</sup>

Þegar CPT-nefndin skoðaði aðstæður á öryggisdeild kom í ljós að vistun á henni væri mjög einangrandi þar sem fangi væri ýmist vistaður einn eða með einum til tveimur öðrum. Vistunin kann því í sumum tilfellum að flokkast undir einangrun. Fullnustulög heimila einangrun vegna sérstakra ástæðna í aðeins sólarhring og getur forstöðumaður að hámarki skipað fanga í einangrun í 15 daga vegna alvarlegra agabrota. Kveðið er á í lögum og fjölþjóðlegum viðmiðum að þeim sem vistaðir eru á öryggisdeild skuli tryggt samneyti við aðra og innihaldsrík mannleg samskipti í a.m.k tvær klukkustundir á dag. Þegar eftirfarandi skoðun var gerð eru þrjú einstaklingsklefar, einn öryggisklefi og sameiginlegt rými. Öll húsgögn eru gólföst, svo sem borð, rúm stólar og annað. Klósett er óbrjótanlegt og vaskur og spegill úr plasti.<sup>70</sup>

Þegar nefndin tók út svæðið var engin afþreying á sameiginlega innisvæðinu og lítið útisvæði sem er vel komið til ára sinna með háum veggjum allt í kring. Þetta leiðir til þess að fangar eru mikið í klefunum sínum þar sem ekkert er um að vera í sameiginlegu rými. Nefndin telur mikilvægt að finna milliveg á milli öryggisdeildar og betrunar þar sem einangrun eins og

---

<sup>68</sup> Umboðsmaður Alþingis, „Heimsóknarsskýrsla Fangelsið Litla-Hrauni“ (Umboðsmaður Alþingis 29. janúar 2021) <<https://www.umbodsmadur.is/asset/10137/opcat-oryggisdeild-litla-hraun.pdf>> skoðað 30. mars 2024.

<sup>69</sup> Stjórnarráð Íslands, „Skýrsla nefndar um varnir gegn pyndingum“ (24. janúar 2024) <<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/01/24/Skyrsla-nefndar-um-varnir-gegn-pyndingum-birt/>> skoðað 23. apríl 2024.

<sup>70</sup> Umboðsmaður Alþingis (n. 68).

lýst er hér að ofan getur haft í för með sér skaðleg áhrif á andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði.<sup>71</sup>

CPT-nefndin telur mikilvægt að allir fangar hafi tæk á því að stunda nám og vinnu, útivist og grunntengsl við fjölskyldu og nánustu vini. Hún telur það vera grundvallarþýðingu fyrir líðan fanga. Þeir fangar sem sitja á öryggisdeild geta stundað nám í fjarnámi frá deildinni. Þeir sem þar dvelja þurfa gjarnan aukinn stuðning við nám og getur fjarnám því hentað illa. Erfitt hefur reynst að veita þeim föngum sem sitja á öryggisdeild vinnu, flókið er að flytja þau verkefni sem í boði eru inn á deildina og skortur er á færanlegum verkefnum. Góðar úrbætur á þessu gæti verið aðkoma iðjuþjálfra áður en frekari meðferð er haldið áfram eins og CPT-nefndin bendir á.

Niðurstaða skoðunarinnar á öryggisdeild var sú að leita ætti leiða til að stemma stigu við neikvæðum afleiðingum félagslegrar einangrunar og auka virkni þeirra sem þar dvelja. Töluverðar úrbætur eru þarfar á inni- og útisvæði auk þess sem ætti að leita lausna við staðnámi og vinnu á deildinni.<sup>72</sup>

## **6. Úrræði sakhæfra brotamanna sem glíma við geðrænar áskoranir**

Fangelsismálastofnun sér um að ákveða hvar fangi skuli afplána refsingu sína skv. 14. gr. fl. Þeir sem glíma við geðrænar áskoranir eru gjarnan vistaðir á hefðbundnum gangi í fangelsum landsins eða á öryggisdeild. Á öryggisdeild eru þeir félagslega einangraðir á meðan á dvölinni stendur eins og gagnrýnt hefur verið af CPT-nefndinni. Mikilvægt er að geð- og sálfræðiteymi hafi gott eftirlit með þeim föngum og að sú þjónusta fari fram með markvissum hætti. Umboðsmaður Alþingis og CPT-nefndin hafa lengi vakið athygli á því að bæta verði úr geðheilbrigðisþjónustu við fanga og var geðheilsuteymi stofnað árið 2019 til þess að styðja við það starf.<sup>73</sup>

Þáverandi heilbrigðisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, birti bréf þann 6. mars 2019 þar sem svar þáverandi dómsmálaráðherra við spurningum er vörðuðu geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu sem föngum stendur til boða og aðbúnað fanga sem glíma við geðrænar

---

<sup>71</sup> sama heimild.

<sup>72</sup> sama heimild.

<sup>73</sup> sama heimild.



áskoranir. En þar lýsir dómsmálaráðuneytið því yfir að framkvæmd fl., tryggi ekki með fullnægjandi hætti réttindi fanga skv. 1. mgr. 68. gr. og 76. gr. stjkskr. og 3. gr. MSE.<sup>74</sup> Þar kom fram að nokkrir fangar sem sæta afplánun glíma við alvarlegar geðrænar áskoranir og því þörf á aðstoð fagaðila allan sólahringinn. Starfsfólk fangelsisins sem er ómenntað er varðar heilbrigðismál er látið afhenda lyf og látið fylgjast með líðan fanga í þessum aðstæðum.<sup>75</sup> Eftirfarandi samrýmist ekki 29. gr. fl. þar sem fram kemur að fangar skuli njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir í lögum um heilbrigðisþjónustu.

Höfundur ritgerðar hafði samband við Erlu Kristínu Árnadóttur lögfræðing, staðgengil fangelsismálastjóra og sviðsstjóra fullnustusviðs hjá Fangelsismálastofnun. Erla var spurð út í bréf Svandísar Svavarsdóttur sem vikið er að hér framar í kaflanum og hvort hún teldi að ráðist hefði verið í þær úrbætur sem þyrfti svo framkvæmd fullnustulaga væri í samræmi við stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu? Hún svaraði því til að Svandís Svavarsdóttir hefði á þessum tíma komið á fót geðheilsuteymi fangelsa. Með því var reynt að koma til móts við þær athugasemdir sem gerðar hafa verið í áratugi vegna skorts á geðheilbrigðisþjónustu við fanga. Hún telur stöðuna í fangelsunum mun betri en áður en þar sem ekki hefur alltaf reynst unnt að manna teymið hefur starfsemin ekki alltaf verið fullnægjandi. Þá hefur oft reynst erfitt að fá fanga vistaða á geðdeild en það horfir nú til betri vegar í ljósi góðs samstarfs á milli geðdeildar Landspítalans og Fangelsismálastofnunar.

Hún var einnig spurð út í hvernig vistun þeirra fanga sem dæmdir væru sakhæfir en glíma við geðrænar áskoranir væri háttáð. Hún svaraði því til að mjög margir fangar glímu við geðrænar áskoranir. Starfsmenn meðferðarsviðs Fangelsismálastofnunar, svo sem sálfræðingar, félagsráðgjafar og starfsmenn geðheilsuteymis fangelsa skipta með sér störfum og reyna að veita viðunandi aðstoð hverju sinni en skv. 29. gr. fl. skulu fangar njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu. Í því sambandi er vert að skoða 24. gr. fl. þar sem kveðið er á um meðferðaráætlun fyrir þá fanga sem sérstaklega þurfa á henni að halda. Í athugasemdum við greinina er nánari útlistun á slíkri áætlun. Þetta er eitt þeirra verkefna sem meðferðarsviðið sinnir. Að lokum var hún spurð hvaða leið hún teldi vænlegasta fyrir umræddan hóp ef skortur á fjármagni stæði ekki í vegi fyrir framkvæmd, sem dæmi stofnun sem aðeins vistaði þessa fanga sem mönnum væri fagaðilum á geðheilbrigðissviði og fangavörðum. Hún svaraði því að spurningu sem þessari væri erfitt að

---

<sup>74</sup> Umboðsmaður Alþingis (3. júní 2019) <<https://www.umbodsmadur.is/asset/9991/7505-bref-ua-til-hbr-dags-060319.pdf>>.

<sup>75</sup> sama heimild.

svara. Það væru mjög margir sem glímdu við einhverjar geðrænar áskoranir þannig að sérstök stofnun fyrir þá alla væri ekki endilega lausnin. Aðalatriðið væri að við gætum veitt þeim eins góða þjónustu í fangelsunum og unnt væri og ef talin væri þörf á að menn væru lagðir inn á aðra stofnun, s.s. geðdeild, þá ættu þeir greiðan aðgang þar inn. Það er lykilatriði að mönnum sé ekki neitað um heilbrigðisþjónustu eins og vistun á geðdeild á þeim forsendum að þeir séu fangar. Það eitt er að hennar mati brot á stjórnarskrárvörðum réttindum.<sup>76</sup>

Í samtali höfundar við starfandi rannsóknarlögreglumann var rætt um stöðu þessara einstaklinga. Hann sagði þetta stórt vandamál í kerfinu okkar. Þá sagði hann að það væru fangar sem afplánuðu í fangelsi hér á landi sem væru mjög veikir. Þrátt fyrir það væru þeir sakhæfir og fengju litla þjónustu og meðferð við veikindum sínum og væru vistaðir innan um aðra fanga sem væri í raun verst fyrir hina. Hann hafði orð á því að Réttargeðdeildin tæki aðeins við þeim sem dæmdir væru ósakhæfir og mjög veikum einstaklingum svo þeir sem um ræðir afplánuðu að mestu leyti dóma sína á Litla-Hrauni og svo á Vernd.<sup>77</sup>

## 6.1 Skilorðsbundin eða óskilorðsbundin refsing

Skilorðsbundinn dómur er refsidómur þar sem ákvörðun refsingar er frestað um tiltekinn tíma gegn því að brotamaður brjóti ekki af sér á þeim tíma. Óskilorðsbundinn dómur er þegar brotamaður er dæmdur til fangelsisrefsingar.<sup>78</sup>

VI. hluti almennra hegningarlaga fjallar um skilorðsbundna frestun ákæru og skilorðsbundna dóma. Í 56. gr. hgl. segir að fresta megi um tiltekinn tíma ákæru til refsingar ef brotamaður er á aldrinum 15-21 árs eða þegar högum einstaklings er þannig háttáð að umsjón eða aðrar ráðstafanir samkvæmt 3. mgr. 57. gr. hgl. megi telja vænlegri til árangurs en refsingu enda sé brot ekki svo varið að almannahagsmunir krefjist saksóknar. Upphaf þess má rekja aftur í enska og bandaríska dómvenju frá fyrri hluta 19. aldar. Var þetta gjarnan gert með skilyrði um góða hegðun og jafnvel krafist þess að einhver skyldi ábyrgjast að svo yrði.<sup>79</sup>

Frestun ákæru er aðallega hugsuð á þann hátt að sá sem gerist brotlegur er dæmdur til refsingar og tekur hana út í fangelsi, á bágt með að reisa sig aftur við þar sem hann hefur í raun verið útilokaður frá samfélaginu. Hann hefur því minni siðferðilega festu og því líklegra að

---

<sup>76</sup> Erla Kristín Árnadóttir, „Fangelsismál“ (20. mars 2024).

<sup>77</sup> Leifur Halldórsson (n. 48).

<sup>78</sup> Valdimar Stefánsson, „Skilorðsbundnir refsidómar“ Tímarit lögfræðinga. 159 <<https://timarit.is/page/4892322>> skoðað 24. apríl 2024.

<sup>79</sup> sama heimild.

auðvelt sé að freista hans til afbrota á ný. Skammvinn fangelsisvist getur haft mikil áhrif á sálarlíf brotamannsins. Fangelsisvistin sviptir hann atvinnu og mögulegum atvinnutækifærum að afplánun lokinni. Einkum er möguleiki á að brotamaður verði fyrir áhrifum frá samföngum sínum sem ekki væru af því góða. Með þessu gæti skammvinn fangelsisvist haft öfug áhrif á það sem henni var í raun ætlað.<sup>80</sup> Þegar ákveðin er frestun á ákæru er litið til alvarleika refsiverðu háttseminnar og þann þátt sem brotamaður átti hlut að.<sup>81</sup> Mál hans er þá afgreitt á skrifstofu ákæranda og fer þá sakborningur ekki fyrir dóm.<sup>82</sup>

Ákveða má í dómi að fresta ákvörðun um refsingu eða fullnustu refsingar um tiltekinn tíma. Skilorðstími má ekki vera skemmri en eitt ár og ekki lengri en fimm ár, að jafnaði skal hann ákveðinn 2-3 ár, sbr. 2. mgr. 57. gr. hgl. Heimilt er að ákveða hluta refsingar skilorðsbundinn og hinn hlutann óskilorðsbundinn en skal þá óskilorðsbundni hlutinn ekki vera lengri en þrjú mánuðir, sbr. 1. mgr. 57. gr. hgl. Dómsþoli afplánar þá hluta dóms í fangelsi og fer svo á reynslulausn og afplánar þá þann hluta sem eftir er með skilorðsbundinni refsingu, sbr. 80. gr. fl. Hægt er að setja dómsþola sem afplána á skilorðsbundna refsingu sérstök skilyrði sem fram koma í 1. – 6. tl. 3. mgr. 57. gr. hgl. Ákvæðin heimila m.a. skilyrði þess efnis að dómsþoli skuli sæta umsjón einstakra manna, félags eða stofnunar, sbr. 1. tl. 3. mgr. 57. gr. Hann getur þurft að hlíta fyrir mælum umsjónarmanns um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og tómstundir, sbr. 2. tl. 3. mgr. 57. gr. Einnig er heimilt að setja dómsþola þau skilyrði að neyta ekki áfengis eða annarra vímuefna á meðan á skilorðstíma stendur, sbr. 3. tl. 3. mgr. 57. gr. og er þá einnig heimilt að vista hann á hæli tiltekinn tíma ef venja þarf hann af áfengi eða öðrum vímuefnum, sbr. 4. tl. 3. mgr. 57. gr. Að lokum er heimild til þess að takmarka umráð dómsþola yfir tekjum sínum eða öðru fjárhagslegu, sbr. 5. tl. 3. mgr. 57. gr., og getur hann einnig þurft að greiða fébætur fyrir tjón sem urðu af hans völdum, sbr. 6. tl. 3. mgr. 57. gr. Með vistun á viðeigandi hæli er almennt átt við ótímabundna vistun á heimili eða stofnun þar sem viðkomandi hlýtur meðferð við hæfi.<sup>83</sup>

Skoðað var hve oft eftirfarandi sérskilyrði séu nýtt. Í því skyni var framkvæmd dómarrannsókn þar sem skoðuð var nýting á sérskilyrðum sem fram koma 1. – 6. tl. 3. mgr. 57.

---

<sup>80</sup> sama heimild 160–161.

<sup>81</sup> Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar: rannsókn á refsiakvörðunum* (Bókaútgáfan Codex 2003) 99.

<sup>82</sup> Ríkissaksóknari, „Verkferlar sem ákærendum ber að vinna eftir“ (*Ríkissaksóknari*) <<https://www.ríkissaksoknari.is/fyrirmaeli/verkferlar-sem-akaerendum-ber-ad-vinna-efdir>>.

<sup>83</sup> Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 527 – 420. mál.

gr. hgl. í dómum sem fjalla um ofbeldis og/eða kynferðisbrot á árunum 1987 – 1997, en alls voru fjórir dómar þar sem sérskilyrðin voru nýtt.

**Hrd. 15. maí 1987 í máli nr. 62/1987** var ákærði sakfelldur fyrir að stinga mann í brjóstið með þeim afleiðingum að hann lést. Málsatvik voru þau að brotþoli hafði komið ákærða í mikið uppnám, tekið af honum húfuna, sparkað í hann og strítt honum vegna sjúkdóms sem hann var með. Ákærði var með blettaskalla og glímdi við langvarandi geðræna erfiðleika vegna þessa. Hann játaði brot sitt og var refsing hans ákveðin fjögurra ára skilorðsbundið fangelsi ásamt því að hann skyldi hlíta sérstöku umsjónarskilyrði 1. tl. 3. mgr. 57. gr. hgl. Það skilyrði sem lagt var fyrir í dómnum var að ákærði skyldi sæta umsjón Barnaverndarnefndar Reykjavíkur og skorður yrðu settar við útvistartíma hans ásamt því að fylgst yrði með að hann neytti ekki áfengis.

Þetta var í fyrsta skipti sem refsing var dæmd skilorðsbundin fyrir manndráp af ásetningi.<sup>84</sup>

**Hrd. 26. Mars 1992 mál nr. 519/1991**, X og Y ráðast á Ú í þeim tilgangi að ræna hann. Árásin leiddi til dauða Ú. Refsing var ákveðin skilorðsbundin um 5 ár og háð áskilnaði um umsjón samkvæmt 1. og 2. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða, Y, sæti varðhaldi í þrjú mánuði, og enn fremur sæti hún fangelsi í 21 mánuð, en fresta skal fullnustu þeirra refsingar, og niður skal hún falla að liðnum þremur árum, haldi ákærða almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og hlíta sérstöku umsjónarskilyrði samkvæmt 1. tl. 4. mgr. sömu greinar.

**Hrd. 18. september 1997 í máli nr. 164/1997**, B réðst grímukladdur með hamar inn um bakhurð söluturns og barði tvisvar í höfuð afgangslumans og var hann ákærður fyrir rán og líkamsárás. Hann hlaut fimm ára skilorðsbundinn dóm, sbr. 57. gr. hgl. Honum va riennig gert að sæta sérstökum skilyrðum í þrjú ár á skilorðstímanum, sem er umsjón skv. 1. og 2. tl. 3. mgr. 57. gr. hgl. ásamt því að neyta ekki áfengis eða fíkniefna, skv. 3. tl. sama ákvæðis.

**Hrd. 11. apríl 1995 í máli nr. 22/1995**, E var ákærður fyrir að hafa ruðst heimildarlaus inn í íbúð 65 ára konu á Akureyri og þröngvað henni með ofbeldi til samræðis. ákærði var dæmdur til þess að sæta 12 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu 9 mánaða af refsingunni og hún niður falla að liðnum þremur árum, haldi hann skilorð, sbr. 57. gr. hgl. og skal hann einnig gangast undir dvöl eða meðferð á geðdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri allt að einu ári eða skemur að mati yfirlæknis geðdeildar, sbr. 4. tl. 3. mgr. 57. gr. hgl.

---

<sup>84</sup> Sigurður Línal, *Um lög og lögfræði: Grundvöllur laga - réttarheimildir* (2. útg., Hidislen2 2021) 293–294.

Dómarannsókn leiddi í ljós að sérskilyrði 1. – 6. tl. 3. mgr. 57. gr. hgl. voru í fjórum tilfellum nýtt á árunum 1987 – 1997 og í fyrsta sinn við refsingu vegna manndraps. Til samanburðar ber að líta til dómarannsóknar um hve oft sérskilyrði er fram koma í 1. – 6. tl. 3. mgr. 57. gr. hgl. voru nýtt í dómum sem fjalla um ofbeldis og/eða kynferðisbrot á árunum 2014 – 2016. En höfundur fann aðeins tvo dóma sem studdust við eftirfarandi sérskilyrði.

**Hrd. 15. desember 2016 í máli nr. 441/2016.** Í málinu var ákærða gefið að sök blygðunarsemisbrot, skv. 209. gr. hgl. fyrir að hafa komið fram undir fölsku flaggi á samfélagsmiðlum í þeim tilgangi að fá brotþola til þess að senda sér myndir af kynfærum sínum. Auk þess var honum gefin að sök tilraun til nauðgunar, skv. 1. mgr. 194. gr. hgl., sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga. Í héraði hlaut ákærði skilorðsbundna refsingu til þriggja ára, sbr. 57. gr. hgl. auk þess að sérskilyrðum 1. og 2. tl. 3. mgr. 57. gr. var beitt að skildi hann sæta sérstakri umsjón á vegum Fangelsismálastofnunar á afplánunartíma. Þessu var þó hafnað í Hæstarétti og ákærði dæmdur í óskilorðsbundið fangelsi í tvö ár. Ólafur Börkur Þorvaldsson og Viðar Már Matthíasson skiluðu séráliti þess efnis að ekki hefði átt að hreyfa við þeirri refsingu sem dæmd var í héraði.

**Hrd. 25. febrúar 2016 í máli nr. 594/2015** þar sem fjórir karlmenn voru ákærðir fyrir alvarleg brot, þar á meðal árás á heimili fulltrúa lögreglustjóra, tilraun til fjárkúgunar, þjófnað og stórfelld eignaspjöll. Tveir þeirra voru sakfelldir fyrir að hafa beitt lögreglustjóranum ofbeldi að undirlagi eins aðaláfrýjandans, sem ætlað var að greiða þeim fyrir verkið. Að auki voru þeir sakfelldir fyrir íkveikju í bifreið brotþola og fyrir aðra glæpi gegn eign og frelsi annars einstaklings. Refsingar spannuðu frá sex mánuðum upp í þrjú og hálf ár í fangelsi, og voru þeir dæmdir til að greiða sakarkostnað. Í þessu máli voru sérskilyrði 1. – 6. tl. 3. mgr. 57. gr. hgl. nýtt við ákvörðun refsingar fyrir tvo af þeim ákærðu. Frestun fullnustu refsingar var bundin skilyrðum sem fólu í sér félagslega endurhæfingu.

Samkvæmt dómarannsókn er sérskilyrði 1. – 6. tl. 3. mgr. 57. gr. hgl. mjög sjaldan nýtt samanborett við þá dóma sem dæmdir eru skilorðsbundnir, sbr. 57. gr. hgl. Þó má sjá að sérskilyrði 1. – 6. tl. 3. mgr. 57. gr. hgl. betur nýtt í eldri tíð dóma.

Höfundur veltir fyrir sér hvers vegna sérskilyrði eru ekki oft nýtt. Að framangreindu röktu má sjá þann ávinning sem slíkt hefur í för með sér og má einnig líta á það sem sparnað fyrir ríkið. Hann hafði samband við Erlu Kristínu Árnadóttur, lögfræðing, staðgengil fangelsismálastjóra og sviðsstjóra fullnustusviðs hjá Fangelsismálastofnun, og spurðist fyrir um nýtingu 1.-6. tl. 3. mgr. 57. gr. hgl. Hún sagði það rétt að dómara nýttu sjaldan þessa heimild og bætti við að hún gæti ekki svarað hvers vegna en þó að hennar mati þyrfti að vera raunhæfur möguleiki fyrir brotaman að standast slík skilyrði og ætti það alls ekki við um alla. Til eru dómur þar sem mönnum hefur verið gert að sæta áfengismeðferð. Þeir voru á svo

slæmum stað að þeir voru með engu móti hæfir til þess að standast slík skilyrði. Hún segir mest reyna á þetta þegar um unga afbrotamenn sé að ræða og telur það jákvætt þegar dómarrar horfa til þess í slíkum málum.

## **7. OPCAT (*e. Optional Protocol on the Convention against Torture*)**

OPCAT er valfrjáls bókun við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum, annarri grimmilegri og ómannúðlegri meðferð á einstaklingum. Alþingi fullgilti þessa bókun í árslok 2015 og felur það í sér eftirlit með stöðum þar sem einstaklingar eru frelsissviptir til þess að koma í veg fyrir illa meðferð þeirra sem frelsissviptir eru. Í þessu felst einnig að hafa eftirlit með aðbúnaði hjá þeim sem frelsissviptir eru svo sem í opnum eða lokuðum fangelsum.

Einna helst verða skoðaðar þær skýrslur sem gerðar hafa verið í sambandi við geðheilbrigðis- og sálfræðiaðstoð auk aðbúnaðar þeirra fanga sem glíma við andlegar áskoranir. Gerð var skýrsla um aðbúnað á öryggisdeild á Litla-Hrauni árið 2021 og þær úrbætur sem þyrfti að ráðast í til þess að aðstæður yrðu fullnægjandi skv. lögum.<sup>85</sup>

Umboðsmaður Alþingis heimsótti öryggisdeild Litla-Hrauns á grundvelli OPCAT-eftirlits í árslok 2021 og kom með eftirfarandi athugasemdir. Endurskoða þarf þær reglur sem gilda um öryggisgang og gera breytingar á þeim til þess að koma í veg fyrir að gengið sé of langt í takmörkun á réttindum fanga en leiða má af lögum. Reglurnar þurfa að vera skýrari að hvaða leyti þær takmarka réttindi fanga. Fangelsisvöld telja nauðsynlegt að geta gripið til úrræða eins og vistun á öryggisdeild þar sem mikið magn vímuefna er í umferð í fangelsunum og því komið upp ofbeldismál sem tengjast þeim. Þá hefur verið gripið til þeirra ráða að aðskilja helstu gerendur frá öðrum og bæta þannig ástand á almennri deild til muna. Hann bendir á mikilvægi þess að bæta aðstöðu og búa um hnútana þannig að réttindi manna séu ekki skert með vistun á öryggisdeild. Reglur um vistun fanga voru endurskoðaðar í október 2021 með það sjónarmið í huga. Einnig er hafin umfangsmeiri endurskoðun á kerfinu í heild með það að markmiði að draga úr neyslu innan fangelsanna með hvatakerfi og aukinni virkni í fangelsinu.<sup>86</sup>

Aðbúnaður á öryggisdeild var einnig gagnrýndur og taka fangelsisvöld undir þá gagnrýni. Stendur til að fara í umfangsmiklar breytingar á Litla-Hrauni á næstu árum og meðal

---

<sup>85</sup> Ríkisendurskoðun (n. 64).

<sup>86</sup> Umboðsmaður Alþingis (n. 68).

annars gera þessa deild vistlegri. Tilmælum var beint til fangelsisins að tryggja ætti fanga lækni skoðun við upphaf vistunar á öryggisdeild eða fljótlega á eftir ef einangrun eða aðskilnaður á sér stað. Það hefur reynst erfitt að tryggja að svo sé þar sem enginn heilbrigðisstarfsmaður er með viðveru í fangelsunum alla daga vikunnar. Heilbrigðisstarfsmenn eru ekki starfsmenn fangelsisins og því ekki á sérstökum bakvöktum heldur. Það kemur því fyrir að allt að þrír sólarhringar geta liðið áður en fangi hittir lækni.<sup>87</sup>

Einnig var gerð athugasemd um þjálfun starfsfólks og ábending um að fylgja eftir áformum um að bjóða starfsfólki reglulega upp á sérstaka þjálfun í samskiptahæfni. Sett var upp nýtt vaktakerfi þar sem bætt var inn sérstökum fræðslu- og þjálfunardögum og sérstök fræðslu- og þjálfunardagskrá sett upp fyrir árið. Er þetta mikilvægur þáttur í sí- og endurmenntun fangavarda og almenn ánægja er hjá starfsfólki með þessar breytingar.<sup>88</sup>

## 8. Niðurstaða

Að framangreindu röktu má sjá að úrræði brotamanna sem glíma við geðrænar áskoranir uppfylla ekki að öllu leyti skilyrði laga og alþjóðasamninga hvað geð- og heilbrigðismál varðar þar sem geð- og sálfræðiþjónusta er ekki eins aðgengileg og hún ætti að vera. Auk þess er lækniþjónusta við þá sem færðir eru um tíma á öryggisdeild á Litla-Hrauni eða Hólmsheiði ófullnægjandi. Erfitt hefur reynst að leita heimilda um aðstöðu og aðbúnað að öðru leyti en kemur fram í heimildum sem höfundur vitnar í.

Það kemur þó fram í heimildum að samskipti hafi batnað verulega milli Fangelsismálastofnunar og geðdeildar Landspítala sem er til góðs þó ekki hafi verið hægt að nálgast heimildir á hvaða hátt samskipti hafa breyst. Þá fékk höfundur spurningum sínum ekki svarað er varða aðbúnað á réttargeðdeild eða fjölda sem þar er. Höfundur reyndi einnig að spyrjast fyrir um verklag þegar sakhæfur brotamaður þarf innlögn á geðdeild í ákveðinn tíma og hvort Landspítalinn hafi bætt úr þeim annmörkum sem áður voru um að of mörgum væri synjað á þeim forsendum að þeir væru fangar en fékk engin svör.

Auk þess má velta upp þeirri hugsun hvers vegna dómstólar nota ekki oftár sérskiilyrði 1.-6. tl. 3. mgr. 57. gr. hgl. Þá er mögulegt að brotamaður hljóti skilorðsbundna refsingu og sé skyldaður til að vera í umsjón ákveðinnar stofnunar eða aðila, getur þurft að hitta sálfræðing, geðlækni eða félagsráðgjafa sem aðstoðar hann með t.d. áætlanagerð eins og er gert í dönskum

---

<sup>87</sup> sama heimild.

<sup>88</sup> sama heimild.

rétti. Þessi lausn fækkar þeim sem þurfa að afplána í fangelsi, sparar þar með kostnað við fangelsispláss, styttir boðunarlista og aðstoðar dómpóla að fóta sig í samfélaginu án þess að kippa honum út úr því að fullu. Í samtali mínu við Svein Andra Sveinsson lögmann við öflun þekkingar á ákvæðinu og nýtingu þess fyrir dómi var hann sammála því að sérstakt skilorð væri vannýtt úrræði. Hann sagðist sjálfur hafa margoft lagt þetta til í málum en talað fyrir daufum eyrum dómara og saksóknara. Hann segist örfáum sinnum hafa komið slíku í gegn þar sem refsing hefur verið ákveðin með annars vegar fíkniefnaskilorði og hins vegar með skilorði um sálfræðimeðferð.<sup>89</sup> Höfundur hafði einnig samband við Erlu Kristínu lögfræðing og staðgengil fangelsismálastjóra varðandi 1.-6. tl. 3. mgr. 57. gr. eins og rakið er í kaflanum og er vert að velta upp þeirri hugsun að ólíklegt sé að sérskilyrði hjálpi til ef viðkomandi er alls ófær um að uppfylla þau. Hún bendir á að þau séu gjarnan nýtt þegar kemur að ungum brotamönnum sem höfundur telur jákvætt.<sup>90</sup>

Af framangreindu röktu má sjá að margt er ábótavant þegar kemur að úrræðum brotamanna sem glíma við geðrænar áskoranir en verður vikið nánar að tillögu til úrbóta og útlistun á þeim atriðum sem betur mættu fara í lokaorðum ritgerðar.

---

<sup>89</sup> Sveinn Andri Sveinsson, „Munnleg heimild“ (5. maí 2024).

<sup>90</sup> Erla Kristín Árnadóttir, „Sérskilyrði 57. gr. hgl.“ (10. maí 2024).



## 9. Lokaorð

Þeim ríkjum sem aðild eiga að mannréttindasáttmála Evrópu ber skylda til að tryggja hverjum þeim sem dvelst á þeirra yfirráðasvæði frelsi og þau réttindi sem í sáttmálanum eru tilgreind, sbr. 1. gr. MSE. Af því leiðir að bæði sakhæfir og ósakhæfir brotamenn sem glíma við geðrænar áskoranir skulu njóta réttarverndar samkvæmt sáttmálanum til jafns við aðra sem dvelja hér á landi. Ákvæði MSE og SBSR og fleiri alþjóðasamninga tryggja föngum réttindi til jafns við aðra þjóðfélagsþegna. Brotamönnum sem dæmdir eru sakhæfir en þó glíma við geðrænar áskoranir skal því ekki mismunað vegna stöðu þeirra sem frelsissviptir einstaklingar.

Réttarframkvæmd og gildandi lagaákvæði hafa þokast í þá átt að tryggja þeim sem glíma við geðrænar áskoranir en teljast þó sakhæfir vistun við hæfi á meðan á afplánun stendur. Ljóst er þó að enn eru margir sem ekki fá þá heilbrigðisþjónustu sem þeir þurfa á að halda. Fangar sem glíma við geðrænar áskoranir fá ekki þá aðstoð sem þeir þurfa og hefðu betri aðgang að sættu þeir ekki afplánun í fangelsi. Fjármagn, mannekla og aðstöðuleysi er eins og á mörgum öðrum stöðum það sem dregur úr því að hægt sé að tryggja þessum einstaklingum þá þjónustu sem þeir þurfa.

Betrun spilar stóran þátt í fangelsismálum og ættu fangelsisýfirvöld að gera ráð fyrir meðferðarúrræðum auk sálfræði- og geðlæknaþjónustu sem og útvega vinnu eða nám við afplánun. Markmiðið ætti að vera að hvetja einstakling til að betrumbæta líf sitt og aðstoða hann að afplánun lokinni við að fóta sig í samfélaginu á ný. Eins og framar er rakið leggur Danmörk mikið upp úr því að gera meðferðaráætlun fyrir hvern þann sem dæmdur er til fangelsisvistar. Áætlunin er endurskoðuð reglulega í samráði við fangann með það að markmiði að aðstoða hann við stíga inn á beinu brautina og snúa aftur í samfélagið sem betri einstaklingur. Í 24. gr. fl. er aðeins kveðið á um gerð áætlunar fyrir þá sem virkilega þurfa á því að halda að mati sérfræðinga. Einnig kemur fram í ákvæðinu að endurskoða skuli áætlunina eftir atvikum á meðan á afplánun stendur. Væri breyting á þessu er möguleiki á að hægt væri að standa þéttar við bakið á föngum og aðstoða þá betur í því verkefni að betrumbæta líf sitt og auðvelda þeim að fóta sig þegar afplánun er lokið og þeir stíga aftur út í samfélagið.

Ef litið er á rannsóknarspurningu höfundar:

*Hver eru úrræði fyrir brotamenn sem glíma við geðræn vandamál og standast þau lög um fullnustu refsinga?*

Það má segja að úrræði brotamanna sem glíma við geðrænar áskoranir uppfylli ekki að öllu leyti skilyrði laga og alþjóðasamninga. Eins og fram hefur komið er geð- og

heilbrigðisþjónustu ábótavant. Sálfræði- og geðheilbrigðisþjónusta er ekki eins og skyldi en ástandið hefur þó batnað milli ára. Ljóst er að unnið er að úrbótum í þessum efnum. Stofnað hefur verið geðheilbrigðisteymi sem starfar með föngum en þó er enginn starfandi læknir öllum stundum í fangelsunum og kemur það niður á þjónustu við t.d. þá fanga sem vista þarf á öryggisdeild. Auk þess sem teymið gæti sinnt skjólstæðingum sínum betur innan veggja fangelsisins ef það væri starfandi þar á hefðbundnum vinnutíma.

Þessar breytingar væru skref í rétta átt og með þeim væri nær því komist að uppfylla réttindi og kröfur um geð- og heilbrigðisþjónustu við fanga. Úrræði brotamanna sem glíma við geðrænar áskoranir væru þar með bætt og myndu komast nær því að standast ákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu.

## Heimildaskrá

„Athugasemdir Landspítala við frumvarp að lögum um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar og við Stefnu um Öryggisþjónustu“ <<https://samradapi.island.is/api/Documents/80ab1bfb-a71c-ed11-9bb3-005056bcce7e>> skoðað 24. apríl 2024

Birna Stefánsdóttir, „Betrunarstefna Eða Refsingarvist? Í Íslenskum Lögum Er Hvergi Minnst á Betrun“ [2016] *Stúdentablaðið* <<https://studentabladid.is/efni/2016/3/12/betrunarstefna-eda-refsingarvist>>

Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi – Bóksalan* (2. útg., Bókaútgáfan Codex 2019)

Björn Þórðarson, *Refsivist á Íslandi 1761-1925* (Gutenberg 1926)

Eiríkur Tómasson, „Sönnun og sönnunarbyrði. Fyrri hluti“ (1987) 40 (3) 247

——, *Sakamálaréttarfar: rannsókn : þvingunarráðstafanir* (2. útgáfa, Codex 2022)

„Elektronisk fodlænke“ (*Kriminalforsorgen*) <<https://kriminalforsorgen.dk/straf/fodlaenke/>> skoðað 24. apríl 2024

Erla Kristín Árnadóttir, „Fangelsismál“ (20. mars 2024)

——, „Samfélagsþjónusta og rafrænt eftirlit“ (20. mars 2024)

——, „Sérskilyrði 57. gr. hgl.“ (10. maí 2024)

Fangelsismálastofnun Ríkisins, „Áfangaheimilið Vernd“ (*Fangelsismálastofnun*) <<https://www.fangelsi.is/afplanun/vernd/>> skoðað 15. apríl 2024

——, „Fangelsið Hólmsheiði“ (*Fangelsismálastofnun*) <<https://www.fangelsi.is/fangelsin/holmsheidi/>> skoðað 20. apríl 2024

——, „Fangelsið Kvíabryggju“ (*Fangelsismálastofnun*) <<https://www.fangelsi.is/fangelsin/kviabryggja/>> skoðað 20. apríl 2024

——, „Fangelsið Litla Hrauni“ (*Fangelsismálastofnun*) <<https://www.fangelsi.is/fangelsin/litla-hraun/>> skoðað 20. apríl 2024

——, „Fangelsið Sogni“ (*Fangelsismálastofnun*) <<https://www.fangelsi.is/fangelsin/sogn/>> skoðað 23. apríl 2024

——, „Rafrænt eftirlit (ökklaband)“ (*Fangelsismálastofnun*) <<https://www.fangelsi.is/afplanun/rafraent-efirlit/>> skoðað 25. apríl 2024

——, „Samfélagsþjónusta“ (*Fangelsismálastofnun*) <<https://www.fangelsi.is/samfelagsthjonusta/>> skoðað 23. apríl 2024

Guðmundur Ingi Þóroddsson, „Um afbrot, fanga og fangelsismál“ (2016) 1 44 28

- Guðmundur Þór Guðmundsson, „Samfélagsþjónusta á Íslandi“ [1996] Tímarit lögfræðinga.
- Gunnar Karlsson, Mörður Árnason, og Kristján Sveinsson, *Grágás: lagasafn íslenska þjóðveldisins* (2. prentun, Mál og menning 1997)
- Gylfi Þorkelsson, „Menntun fanga | Gangleri – Gylfi Þorkelsson“ <<https://www.gangleri.is/menntun-fanga/>> skoðað 25. apríl 2024
- Heilsugæsla, „Geðheilsuteymi fangelsa“ <<https://www.heilsugaeslan.is/gedheilsa/gedheilsuteymi-fangelsa/#Tab6>> skoðað 20. mars 2024
- Helgi Gunnlaugsson, „Criminal justice in a small Nordic country: The case of Iceland“ (2021) 108 (1) Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab 27
- „Íslensk Nútímamálsorðabók“ <<https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/5405>> skoðað 23. apríl 2024
- Jónatan Þórmundsson, „Sakhæfi“ [1991] 4. tbl. 277
- , *Viðurlög við afbrotum* (Reykjaví : Orator 1992)
- , *Afbrot og refsíabyrgð I* (Háskólaútgáfan 1999)
- , *Afbrot og refsíabyrgð III* (1. útg., Háskólaútgáfan 2004)
- Lára Björnsdóttir, „Frá valdaleysi til valdeflingar“ (2013) 7 Tímarit Félagsráðgjafa 41
- Leifur Halldórsson, „Fangelsismál“ (28. mars 2024)
- Nína Hjördís Þorkeldsdóttir, „Áhersla á samfélagsþjónustu til styttingar boðunarlista“ *RÚV* (30. júní 2020) <<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2020-06-30-ahersla-a-samfelagsthjonustu-til-styttingar-bodunarlista/>>
- Óttar Guðmundsson, *Kleppur í 100 ár* (JPV 2007)
- Ragnheiður Bragadóttir, „Samfélagsþjónusta.“ (1991) 44 (2) Úlfjótur 161
- Ríkisendurskoðun, „Fangelsismálastofnun: Aðbúnaður - endurhæfing - árangur: Stjónsýsluúttekt“ (Ríkisendurskoðun nóvember 2023) <<https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2023-Fangelsismalastofnun.pdf>> skoðað 20. apríl 2024
- Ríkissaksóknari, „Verkferlar sem ákærendum ber að vinna eftir“ (*Ríkissaksóknari*) <<https://www.rikissaksoknari.is/fyrirmaeli/verkferlar-sem-akaerendum-ber-ad-vinna-eftir>>
- Sigurður Líndal, *Um lög og lögfræði: Grundvöllur laga - réttarheimildir* (2. útg., Hidislen2 2021)
- Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir, *Ákvörðun refsingar: rannsókn á refsíákvörðunum* (Bókaútgáfan Codex 2003)

Stjórnarráð Íslands, „Skýrsla nefndar um varnir gegn pyndingum“ (24. janúar 2024) <<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/01/24/Skyrsla-nefndar-um-varnir-gegn-pyndingum-birt/>> skoðað 23. apríl 2024

——, „Mannréttindasáttmáli Evrópu“ (Stjórnarráð Íslands) <<https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/mannrettindi/althjodlegir-mannrettindasamningar/mannrettindasattmali-evropu/>> skoðað 23. apríl 2024

Sveinn Andri Sveinsson, „Munnleg heimild“ (5. maí 2024)

Umboðsmaður Alþingis (3. júní 2019) <<https://www.umbodsmadur.is/asset/9991/7505-bref-ua-til-hbr-dags-060319.pdf>>

——, „Heimsóknarskýrsla Fangelsið Litla-Hrauni“ (Umboðsmaður Alþingis 29. janúar 2021) <<https://www.umbodsmadur.is/asset/10137/opcat-oryggisdeild-litla-hraun.pdf>> skoðað 30. mars 2024

Valdimar Stefánsson, „Skilorðsbundnir refsisdómar“ Tímarit lögfræðinga. <<https://timarit.is/page/4892322>> skoðað 24. apríl 2024

Þórður Eyjólfsson, „Refsiréttur Jónsbókar“ í Guðbrandur Jónsson (ritstj.), *Afmælisrit helgað Einari Arnórssyni hæstaréttardómara sextugum 24. febrúar 1940* (Ísafoldarprentsmiðja 1940)

